

Íbúafundur um framtíðarþróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040

Laugardaginn 9. nóvember 2013



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins
Markmið rannsóknar	Að ræða um það hvernig stuðla megi að því að höfuðborgarsvæðið verði aðlaðandi og eftirsóknarvert til búsetu og kosti þess og galla að ný íbúðarsvæði verði á jaðri höfuðborgarsvæðisins eða innan núverandi byggðarmarka?
Dagsetning skýrsluskila	20. nóvember 2013

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Andrea G. Dofradóttir Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Viktor Orri Valgarðsson
Umræðustjórar - Ritarar	Andrea G. Dofradóttir – Einar Valur Sverrisson Birkir Blær Ingólfsson – Brynja Huld Óskarsdóttir Björn Rafn Gunnarsson – Olga Árnadóttir Guðfinnur Sveinsson – Margrét Arnardóttir Guðlaug J. Sturludóttir – Jóhanna Ósk Jónasdóttir Guðrún Axfjörð - Sara Elisabeth Úlfarsdóttir Hame Hafsteinn Birgir Einarsson – Eygló Alexandra Sævarsdóttir Jóna S. Gunnarsdóttir – Sævar Óskarsson Vala Jónsdóttir – Andrés Helgi Valgarðsson
Úrvinnsla	Björn Rafn Gunnarsson Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Viktor Orri Valgarðsson
Skýrslugerð	Björn Rafn Gunnarsson Guðbjörg Andrea Jónsdóttir Viktor Orri Valgarðsson

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	2
Töfluyfirlit	3
Myndayfirlit	4
Helstu niðurstöður	5
Inngangur	6
Framkvæmd og heimtur.....	7
Úrvinnsla	8
Bakgrunnsupplýsingar um þátttakendur	9
Niðurstöður	10
<i>Símakönnun – Ánægja með hverfi.....</i>	<i>10</i>
<i>Símakönnun – Kostir og gallar hverfa.....</i>	<i>12</i>
<i>Íbúafundur – Kostir og gallar höfuðborgarsvæðisins</i>	<i>16</i>
<i>Íbúafundur – Umræður og val á sviðsmyndum</i>	<i>20</i>
Viðauki – Fyrirspurnir þátttakenda til faghóps.....	26
Viðauki – Samantekt af umræðum hópa	29

TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Framkvæmd símkönnunar	7
Tafla 2. Fjöldi íbúa 18 ára og eldri og hlutfallsleg skipting þátttakenda eftir sveitarfélögum	8
Tafla 3. Kyn svarenda.....	9
Tafla 4. Aldur svarenda	9
Tafla 5. Sveitarfélag svarenda	9
Tafla 6. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú almennt séð með að búa í því hverfi sem þú býrð í?	10
Tafla 7. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú almennt séð með að búa í því hverfi sem þú býrð í? Bakgrunnsgreining	11
Tafla 8. Hver mundir þú segja að væri helsti kosturinn við að búa í þínu hverfi?	12
Tafla 9. Hver mundir þú segja að væri helsti kosturinn við að búa í þínu hverfi? Bakgrunnsgreining	13
Tafla 10. Hver mundir þú segja að væri helsti kosturinn við að búa í þínu hverfi? Helstu þættir eftir svæðum.....	13
Tafla 11. Hver mundir þú segja að væri helsti gallinn við að búa í þínu hverfi?	14
Tafla 12. Hver mundir þú segja að væri helsti gallinn við að búa í þínu hverfi? Bakgrunnsgreining	15
Tafla 13. Hver mundir þú segja að væri helsti gallinn við að búa í þínu hverfi? Helstu þættir eftir svæðum	15
Tafla 14. Hvaða sviðsmynd fyrir þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040 hugnast þér best?	20

MYNDAYFIRLIT

Mynd 1. Helstu kostir höfuðborgarsvæðisins að mati þátttakenda íbúafundar	16
Mynd 2. Helstu kostir höfuðborgarsvæðisins að mati þátttakenda íbúafundar eftir svæðum...	17
Mynd 3. Helstu gallar höfuðborgarsvæðisins að mati þátttakenda íbúafundar.....	18
Mynd 4. Helstu gallar höfuðborgarsvæðisins að mati þátttakenda íbúafundar eftir svæðum...	19
Mynd 5. Sviðsmynd A	21
Mynd 6. Sviðsmynd B	22
Mynd 7. Sviðsmynd C	24

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Hringt var í 600 manna úrtak af höfuðborgarsvæðinu og svöruðu 393 símakönnuninni, 109 samþykktu að mæta á íbúafund og 47 mættu á hann. Karlar mættu frekar en konur og eldri aldurshópar frekar en þeir yngri.
- 68% svarenda í símakönnuninni sögðust mjög ánægðir með að búa í sínu hverfi og 28% sögðust frekar ánægðir en hverfandi hluti sagðist óánægður.
- Íbúar á Seltjarnarnesi (84%) og í Garðabæ (77%) sögðust oftast vera mjög ánægðir með að búa í sínu hverfi en íbúar í Hafnarfirði (61%) og Kópavogi (63%) síður.
- Kyrrð og rólegt eða öruggt umhverfi (34%) var oftast nefnt sem helsti kostur þess að búa í hverfi svarenda í símakönnuninni en næstoftast voru staðsetning (21%) eða verslun og þjónusta (16%) nefnd.
- Svarendur á Seltjarnarnesi (31%) nefndu oftast verslun og þjónustu sem kosti þess að búa í sínu hverfi en svarendur í Reykjavík vestan Elliðaár (46%) og Kópavogi (26%) nefndu oftast staðsetningu.
- Flestir svarendur (25%) í símakönnun nefndu engan galla við að búa í sínu hverfi en næstflestir nefndu atriði tengd samgöngum (21%) eða verslun og þjónustu (12%).
- Svarendur í Garðabæ og Grafarvogi nefndu helst atriði tengd verslun og þjónustu (24% og 26%) eða staðsetningu (18% og 19%) sem galla en svarendur á Seltjarnarnesi nefndu oftast atriði tengd náttúru og veðurfari (22%).
- Þátttakendur á íbúafundinum nefndu helst atriði tengd verslun og þjónustu (19,6%) eða útivist og grænum svæðum (9,1%) sem kosti þess að búa á höfuðborgarsvæðinu.
- Þátttakendur á íbúafundinum nefndu helst atriði tengd samgöngum og umferð (22,6%), skipulagsmálum (8,5%), almenningssamgöngum (7,5%), stjórn sveitarfélags (7,4%) eða stærð/þéttleika byggðarinnar (7,2%) sem galla við að búa á höfuðborgarsvæðinu.
- Þátttakendur á íbúafundinum sem bjuggu í Hafnarfirði nefndu oftast skipulagsmál (20,0%) sem galla en íbúar í öðrum sveitarfélögum nefndu oftast samgöngumál. Íbúar í Kópavogi nefndu óvenju oft stjórn sveitarfélagsins (11,3%) sem galla.
- Langflestir þátttakendur á íbúafundinum kusu sviðsmynd B (83%) en næstflestir kusu sviðsmynd C (13%) og fæstir sviðsmynd A (4%).
- Í umræðum á íbúafundinum kom fram að þátttakendum þótti almennt hvorki æskilegt né mögulegt að halda áfram þenslu byggðar út fyrir byggðarmörkin líkt og sviðsmynd A gerði ráð fyrir en töldu gengið of langt í þéttingu byggðar með sviðsmynd C, sem væri auk þess óraunhæf og háð óvissu að margra mati. Því virðist sviðsmynd B hafa orðið ofan á sem millivegur sem byði upp á fjölbreytta búsetuhætti samhliða því að forðast helstu galla sviðsmynda A og C.

- Í umræðum á íbúafundinum kom auk þess fram mikil áhersla á að auka þátt almenningssamgangna, hjólréiða og göngustíga í samgöngumátum íbúa höfuðborgarsvæðisins, jafnframt mikilli áherslu á að vernda græn svæði innan sem utan byggðarmarka eftir fremsta megni.
- Fyrirspurnir umræðuhópa til svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins sneru fyrst og fremst að því hvernig þétting byggðar yrði útfærð og hvaða grænu svæði gætu verið lögð undir byggð, auk þess sem spurt var út í tæknilegar útfærslur á lestarkerfi o.fl.

INNGANGUR

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) stóðu fyrir íbúafundi sem fram fór í Menntaskólanum í Kópavogi laugardaginn 9. nóvember 2013 frá kl. 10:00 - 14:30. Umfjöllunarefni fundarins var nýtt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið, sem mun marka stefnu um þróun byggðar á svæðinu frá árinu 2015 fram til ársins 2040. Tekið var 600 manna lagskipt úrtak íbúa úr sex sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og óskað eftir þátttöku þeirra á fundinum.

Skipulag fundarins var með þeim hætti að Gunnar Einarsson formaður SSH setti fundinn og bauð þátttakendur velkomna. Því næst fóru fram umræður á níu borðum undir stjórn umræðustjóra. Rætt var um kosti og galla þess að búa á höfuðborgarsvæðinu. Þátttakendur skráðu niður hverjir væru að þeirra mati fimm helstu kostir höfuðborgarsvæðisins og fimm helstu gallar.

Að þeim umræðum loknum kynnti Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins þrjá mismunandi valkosti eða sviðsmyndir um þróun byggðar fram til ársins 2040 og fjallaði um helstu áskoranir sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu standa frammi fyrir.

Eftir stutt hádegisverðarhlé hófst seinni umræðulota þar sem þátttakendur ræddu um þær þrjár sviðsmyndir sem kynntar höfðu verið og veltu fyrir sér spurningunni um það hvernig stuðla megi að því að höfuðborgarsvæðið verði aðlaðandi og eftirsóknarvert til búsetu. Sviðsmyndirnar þrjár voru kallaðar A, B og C og helstu einkenni þeirra eru þau að sviðsmynd A gerir ráð fyrir að þróun höfuðborgarsvæðisins fram til ársins 2040 verði svipuð og hún hefur verið undanfarin ár og að uppbygging verði að mestu (60%) á landsvæðum utan núverandi byggðar. Sviðsmynd B gerir ráð fyrir að 85% af vexti verði innan núverandi byggðarmarka og sviðsmynd C gerir ráð fyrir að allur vöxtur verði innan núverandi byggðarmarka. Þátttakendur ræddu allar sviðsmyndirnar, kosti þeirra og galla. Sérstaklega var fjallað um áhrif sviðsmyndanna á samgöngur, byggðarmynstur, náttúru og útivist. Þátttakendur í hverjum hópi sameinuðust um ákveðnar spurningar sem þeir vildu leggja fyrir faghóp um svæðisskipulag. Einn þátttakandi var valinn af hverju borði til þess að gera grein fyrir umræðum sem fram fóru. Að lokinni kynningu umræðna á borðum svaraði

Hrafnkell Á. Proppé þeim spurningum sem lagðar voru fyrir hópinn. Páll Hjaltason, formaður svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins sleit fundi.

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Tilviljunarúrtak var tekið úr þjóðskrá úr hópi íbúa þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að SSH, að Kjósarhreppi undanskildum¹. Úrtakið var lagskipt eftir aldri og sveitarfélögum til þess að tryggja þátttöku allra aldurshópa og sveitarfélaga. Bréf, þar sem fyrirhugaður íbúafundur um skipulagsmál var kynntur, var sent til allra þeirra sem lentu í úrtaki. Í kjölfar þess var hringt og svarendur spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með hverfið sem þeir búa í og hverjir væru helstu kostir þess og gallar. Þá var óskað eftir því að svarendur mættu til íbúafundar í Menntaskólanum í Kópavogi, laugardaginn 9. nóvember og tækju þátt í umræðum um skipulag höfuðborgarsvæðisins fram til ársins 2040. Föstudaginn 8. nóvember var send áminning í tölvupósti til þeirra sem höfðu sagt að þeir myndu mæta til fundarins auk þess sem hringt var í alla á föstudagskvöldið.

Tafla 1. Framkvæmd símkönnunar

Upplýsingasöfnun	1. – 8. nóvember 2013
Framkvæmdarmáti	Símakönnun
Fjöldi í úrtaki	600
Fjöldi svarenda	393
Brúttó svarhlutfall	65,5%
Nettó svarhlutfall	68,6%

Tafla 2 sýnir hversu margir íbúar, 18 ára og eldri eru í sveitarfélögunum sex og hve stórt úrtak var tekið í hverju þeirra. Svarhlutfall var gott í öllum sveitarfélögunum en sérstaklega þó í Garðabæ þar sem það var 86% og í Kópavogi þar sem það var 75%. Mosfellingar voru hins vegar líklegastir til að samþykkja þátttöku. Af þeim 109 sem samþykktu þátttöku mættu rúm 43% eða 47 manns.

¹ Vegna þess hve aðstæður í Kjósarhreppi eru frábrugðnar því sem er í þéttbýlli sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu var ákveðið að boða íbúa Kjósarhrepps ekki á þennan fund en skoða aðstæður og viðhorf þeirra sérstaklega á öðrum vettvangi.

Tafla 2. Fjöldi íbúa 18 ára og eldri og hlutfallsleg skipting þátttakenda eftir sveitarfélögum

	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði	Úrtak	Hlutfall í úrtaki	Svarendur	Svarhlutfall	Sam- þykkingja þátttöku	Hlutfall sem samþykkir	Endan- legur fjöldi	Hlutfall af þeim sem samþykktu
Sveitarfélag										
Reykjavík	93.424	59,3%	250	41,7%	152	60,8%	41	27,0%	18	43,9%
Kópavogur	23.866	15,2%	100	16,7%	75	75,0%	18	24,0%	10	55,6%
Seltjarnarnes	3.405	2,2%	50	8,3%	32	64,0%	9	28,1%	3	33,3%
Garðabær	10.407	6,6%	50	8,3%	43	86,0%	11	25,6%	6	54,5%
Hafnarfjörður	19.939	12,7%	100	16,7%	59	59,0%	17	28,8%	4	23,5%
Mosfellsbær	6.446	4,1%	50	8,3%	32	64,0%	13	40,6%	6	46,2%
Alls	157.487	100,0%	600	100,0%	393	65,5%	109	27,7%	47	43,1%

ÚRVINNSLA

Svör í símakönnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnspáttunum kyni, aldri og búsetu. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum getur verið mismunandi fjöldi svara á bak við töflur. Þar sem það á við eru einnig birt súlurit sem sýna hlutföll svarenda í afstöðu sinni til tiltekinna svarmöguleika sem í boði voru.

Eins og áður sagði var símakönnun lögð fyrir úrtakið í fyrstu og voru svör þeirra við opnum spurningum um kosti og galla hverfa sinna flokkaðar í kjölfarið. Svör þátttakenda á íbúafundinum um kosti og galla höfuðborgarsvæðisins voru að sama skapi flokkaðar og þeim gefin stig miðað við forgangs röðun. Ritarar voru á öllum umræðuborðum í seinni umræðulotu, sem fjallaði um sviðsmyndirnar þrjár, kosti þeirra, galla og möguleg áhrif. Fundargerðir af öllum borðum voru teknar saman eftir fundinn, samantekt unnin upp úr þeim og hún innihaldsgreind fyrir skýrsluna.

BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR UM ÞÁTTTAKENDUR

Eftirfarandi myndir og töflur sýna í fyrsta lagi fjölda og hlutfall svarenda í símakönnun skipt eftir kyni, aldri og sveitarfélagi, í öðru lagi fjölda og hlutfall þeirra sem samþykktu þátttöku og loks fjölda og hlutfall þátttakenda á íbúafundinum eftir sömu breytum. Eins og sjá má í töflu 3 voru heldur fleiri konur en karlar sem tóku þátt í símakönnuninni en þær voru nokkru ólíklegri en karlarnir til að samþykkja að taka þátt í íbúafundinum og enn ólíklegri til að mæta á hann. Jafnframt var erfiðara að fá yngsta aldurshópinn til að taka þátt í fundinum en þá eldri (sjá töflu 4).

Tafla 3. Kyn svarenda

	Allir svarendur		Samþykktu		Mættu		Hlutfall á fundi
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
Karl	188	48%	55	51%	27	57%	 57%
Kona	205	52%	54	49%	20	43%	 43%
Alls	393	100%	109	100%	47	100%	

Tafla 4. Aldur svarenda

	Allir svarendur		Samþykktu		Mættu		Hlutfall á fundi
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
18-29 ára	104	26%	20	18%	8	17%	 17%
30-44 ára	110	28%	28	26%	12	26%	 26%
45-59 ára	98	25%	28	26%	14	30%	 30%
60 ára og eldri	81	21%	33	30%	13	28%	 28%
Alls	393	100%	109	100%	47	100%	

Tafla 5. Sveitarfélag svarenda

	Allir svarendur		Samþykktu		Mættu		Hlutfall á fundi
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
Reykjavík	152	39%	41	38%	18	38%	 38%
Seltjarnarnes	32	8%	9	8%	3	6%	 6%
Kópavogur	75	19%	18	17%	10	21%	 21%
Garðabær og Álftanes	43	11%	11	10%	6	13%	 13%
Hafnarfjörður	59	15%	17	16%	4	9%	 9%
Mosfellsbær	32	8%	13	12%	6	13%	 13%
Alls	393	100%	109	100%	47	100%	

NIÐURSTÖÐUR

Símakönnun – Ánægja með hverfi

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru langflestir (69%) mjög ánægðir með að búa í því hverfi sem þeir búa í og nær enginn (1%) segist vera frekar eða mjög óánægður með það. Hlutfallið er sérstaklega hátt meðal eldri aldurshópa (84% meðal 60 ára og eldri) og hjá íbúum á Seltjarnarnesi (84%) og í Garðabæ (77%) en nokkuð lægra meðal yngri aldurshópanna (61% hjá 30-44 ára) sem og meðal íbúa í Hafnarfirði (61%), Kópavogi (63%) og Breiðholti (65%). Sjá töflur 6-7.

Tafla 6. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú almennt séð með að búa í því hverfi sem þú býrð í?

	Allir svarendur		Samþykktja að mæta		Hlutfall allra svarenda
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
Mjög ánægð(ur)	269	69%	73	68%	69%
Frekar ánægð(ur)	104	27%	30	28%	27%
Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur)	13	3%	3	3%	3%
Frekar óánægð(ur)	4	1%	2	2%	1%
Mjög óánægð(ur)	0	0%	0	0%	0%
Fjöldi	390	100%	108	100%	
Veit ekki	2		0		
Vil ekki svara	1		1		
Alls	393		109		

Tafla 7. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú almennt séð með að búa í því hverfi sem þú býrð í? Bakgrunnsgreining

	Mjög ánægð(ur)	Frekar ánægð(ur)	Hvorki né óánægð(ur)	Frekar óánægð(ur)	Mjög óánægð(ur)	Fjöldi svara	Mjög ánægð(ur)
Heild	69%	27%	3%	1%	0%	390	 69%
Mætir á íbúafund							
Já	68%	28%	3%	2%	0%	108	 68%
Nei	70%	26%	4%	1%	0%	280	 70%
Kyn							
Karl	66%	28%	4%	2%	0%	187	 66%
Kona	71%	25%	3%	0%	0%	203	 71%
Aldur							
18-29 ára	64%	29%	5%	2%	0%	102	 64%
30-44 ára	61%	34%	4%	2%	0%	110	 61%
45-59 ára	71%	26%	3%	0%	0%	98	 71%
60 ára og eldri	84%	15%	1%	0%	0%	80	 84%
Búseta							
Reykjavík v. vestan Elliðaár	70%	25%	5%	0%	0%	84	 70%
Breiðholt	65%	29%	6%	0%	0%	34	 65%
Grafarvogur/Grafarholt/Kjalarnes	68%	26%	6%	0%	0%	34	 68%
Seltjarnarnes	84%	16%	0%	0%	0%	32	 84%
Kópavogur	63%	33%	3%	1%	0%	73	 63%
Garðabær og Álftanes	77%	21%	0%	2%	0%	43	 77%
Hafnarfjörður	61%	32%	3%	3%	0%	59	 61%
Mosfellsbær	74%	23%	3%	0%	0%	31	 74%

Símakönnun – Kostir og gallar hverfa

Svarendur í símakönnuninni voru spurðir opinna spurninga um hver væri helsti kosturinn og helsti gallinn við að búa í þeirra hverfi og voru svör þeirra síðan flokkuð í þá flokka sem sjá má í töflum 8-13. Eins og sjá má þar nefndu svarendur oftast (34%) að kyrrð, öryggi og rólegt/barnvænt umhverfi væri helsti kosturinn við að búa í hverfinu en staðsetning og vegalengdir voru næst oftast (21%) nefnd og loks verslun og þjónusta (16%). Karlar (39%), svarendur á aldrinum 18-29 ára (41%) og íbúar í Breiðholti (52%) og Garðabæ (47%) nefndu kyrrð og öryggi oftar en aðrir hópar en íbúar í Reykjavík vestan Elliðaár nefndu oftast (46%) staðsetningu sem kost og íbúar á Seltjarnarnesi nefndu oftast verslun og þjónustu.


Tafla 8. Hver mundir þú segja að væri helsti kosturinn við að búa í þínu hverfi?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Kyrrð - rólegt hverfi - öruggt - barnvænt	130	34%	34%
Staðsetning - miðsvæðis - stuttar vegalengdir	81	21%	21%
Verslun og þjónusta	62	16%	16%
Náttúra - veðurfar - sjór - græn svæði - útivist	41	11%	11%
Skólamál - íþróttastaða - menning - tómstundir	19	5%	5%
Skipulagsmál	10	3%	3%
Mannlíf - nágrannar - samfélag	7	2%	2%
Samgöngur - almenningssamgöngur - umferð -	5	1%	1%
Annað	16	4%	4%
Enginn kostur	15	4%	4%
Fjöldi svara	386	100%	
Vil ekki svara	7		
Alls	393		

Tafla 9. Hver mundir þú segja að væri helsti kosturinn við að búa í þínu hverfi? Bakgrunnsgreining

	Stað- setning - miðsvæðis - stuttar vega- lengdir	Náttúra - veðurfar - sjór - græn svæði - útivist	Kýrró - rólegt hverfi - öruggt - barnvænt	Skólamál - Íþróttar - aðstaða - menning - tómstundir	Samgöngur - umferð - umferðar- mannvirki	Skipulags- mál	Verslun og þjónusta	Mannlíf - nágrannar - samfélag	Annað	Enginn kostur	Fjöldi
Heild	21%	11%	34%	5%	1%	3%	16%	2%	4%	4%	386
Kyn											
Karl	20%	8%	39%	5%	1%	4%	15%	2%	2%	4%	182
Kona	22%	13%	29%	5%	1%	1%	17%	1%	6%	4%	204
Aldur											
18-29 ára	17%	4%	41%	4%	1%	3%	17%	3%	5%	5%	103
30-44 ára	27%	9%	25%	8%	0%	0%	19%	1%	6%	5%	107
45-59 ára	18%	16%	33%	3%	3%	4%	17%	2%	2%	2%	96
60 ára og eldri	21%	15%	36%	4%	1%	4%	10%	1%	4%	4%	80
Búseta											
Reykjavík vestan Elliðaár	46%	9%	19%	6%	1%	1%	11%	3%	1%	3%	80
Breiðholt	6%	18%	52%	0%	3%	0%	15%	0%	3%	3%	33
Grafarvogur/Grafarholt/Kjalarnes	6%	18%	41%	6%	0%	3%	18%	0%	3%	6%	34
Seltjarnarnes	9%	6%	22%	3%	3%	9%	31%	6%	6%	3%	32
Kópavogur	26%	14%	24%	3%	1%	1%	19%	0%	8%	4%	74
Garðabær og Álftanes	9%	2%	47%	12%	2%	9%	9%	2%	2%	5%	43
Hafnarfjörður	17%	7%	42%	7%	0%	0%	15%	3%	3%	5%	59
Mosfellsbær	13%	16%	45%	0%	0%	0%	16%	0%	6%	3%	31
Ánægja með að búa í sveitarfélagi											
Mjög ánægður	22%	10%	36%	5%	1%	3%	14%	2%	5%	1%	264
Ekki mjög ánægður	18%	12%	29%	4%	2%	3%	21%	1%	3%	8%	119
Mætir á íbúafund											
Já	11%	14%	37%	3%	5%	4%	19%	1%	4%	2%	105
Nei	24%	9%	33%	6%	0%	2%	15%	2%	4%	5%	279

Tafla 10. Hver mundir þú segja að væri helsti kosturinn við að búa í þínu hverfi? Helstu þættir eftir svæðum



Þegar svarendur voru beðnir um að nefna helsta gallann við að búa í sínu hverfi var algengast (25%) að þeir nefndu engan galla en algengasti gallinn sem var nefndur tengdist samgöngum og umferð (21%) og næst algengustu tengdust verslun og þjónustu (12%) og skipulagsmálum (11%). Svarendur 60 ára og eldri (38%) og íbúar í Kópavogi (37%) voru líklegastir til þess að nefna engan galla en svarendur á aldrinum 18-29 ára (14%) og íbúar í Grafarvogi/Grafarholti/Kjalarnesi (19%) og í Garðabæ (18%) voru líklegastir til þess að nefna staðsetningu sem helsta gallann. Íbúar á Seltjarnarnesi voru á hinn bóginn sérstaklega ólíklegir (4%) til þess að nefna galla sem tengdust samgöngum og umferð.

Tafla 11. Hver mundir þú segja að væri helsti gallinn við að búa í þínu hverfi?


	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Enginn galli	90	25%	25%
Samgöngur - almenningssamgöngur - umferð	76	21%	21%
Verslun og þjónusta	43	12%	12%
Skipulagsmál	40	11%	11%
Staðsetning	27	8%	8%
Náttúra - veður - sjór - græn svæði - útivist	24	7%	7%
Skólamál - íþróttastæði - menning - tómstundir	17	5%	5%
Stjórn og þjónusta sveitarfélags	14	4%	4%
Mannlíf - nágrannar - samfélag	12	3%	3%
Annað	12	3%	3%
Fjöldi svara	355	100%	
Vil ekki svara	38		
Alls	393		

Töluverður munur er eftir svæðum hverjir helstu gallarnir eru. Kópavogsbúar eru ánægðir með það hverfi sem þeir búa í og sögðu 37% þeirra að það væri enginn galli við að búa í hverfinu. Helsta umkvörtunarefnið á flestum svæðum tengist samgöngum og umferð en svarendur í Garðabæ og Grafarvogi nefndu helst atriði tengd verslun og þjónustu (24% og 26%) eða staðsetningu (18% og 19%) sem galla og svarendur á Seltjarnarnesi nefndu oftast atriði tengd náttúru og veðurfari (22%).

Tafla 12. Hver mundir þú segja að væri helsti gallinn við að búa í þínu hverfi? Bakgrunnsgreining


	Enginn galli	Stað- setning - miðsvæði s - stuttar vega- lengdir	Náttúra - veðurfar - sjór - græn svæði - útivist	Skólamál - íþróttar - aðstaða - menning - tómstundir	Samgöngur - umferð - umferðar- mannvirki	Skipulags- mál	Verslun og þjónusta	Stjórn og þjónusta svæitar- félags	Mannlíf - nágrannar - samfélag	Annað	Fjöldi
Heild	25%	8%	7%	5%	21%	11%	12%	4%	3%	3%	355
Kyn											
Karl	23%	10%	11%	3%	21%	10%	14%	3%	4%	3%	170
Kona	28%	5%	3%	6%	22%	12%	11%	5%	3%	4%	185
Aldur											
18-29 ára	26%	14%	6%	5%	17%	10%	11%	3%	4%	4%	94
30-44 ára	20%	9%	3%	10%	15%	19%	10%	5%	7%	2%	100
45-59 ára	21%	2%	12%	2%	29%	8%	19%	2%	1%	3%	90
60 ára og eldri	38%	4%	6%	0%	27%	7%	8%	6%	0%	4%	71
Búseta											
Reykjavík vestan Elliðaár	28%	1%	7%	5%	25%	20%	4%	3%	3%	4%	75
Breiðholt	16%	3%	9%	6%	22%	6%	16%	13%	3%	6%	32
Grafarvogur/Grafarholt/Kjalarnes	13%	19%	0%	6%	19%	6%	26%	3%	3%	3%	31
Seltjarnarnes	26%	7%	22%	0%	4%	19%	11%	0%	11%	0%	27
Kópavogur	37%	6%	7%	4%	24%	13%	3%	4%	0%	3%	71
Garðabær og Álftanes	18%	18%	5%	5%	24%	0%	24%	0%	5%	0%	38
Hafnarfjörður	25%	9%	4%	4%	23%	11%	13%	4%	6%	2%	53
Mosfellsbær	25%	4%	4%	7%	18%	4%	21%	7%	0%	11%	28
Ánægja með að búa í sveitarfélagi											
Mjög ánægður	30%	7%	8%	4%	21%	9%	13%	4%	2%	3%	246
Ekki mjög ánægður	14%	10%	5%	6%	23%	17%	11%	5%	6%	4%	108
Mætir á íbúafund											
Já	24%	5%	7%	7%	24%	11%	12%	4%	2%	4%	100
Nei	26%	9%	7%	4%	21%	11%	12%	4%	4%	3%	253

Tafla 13. Hver mundir þú segja að væri helsti gallinn við að búa í þínu hverfi? Helstu þættir eftir svæðum



Íbúafundur – Kostir og gallar höfuðborgarsvæðisins


Þátttakendur á íbúafundinum voru beðnir um að skrifa niður fimm helstu kosti höfuðborgarsvæðisins áður en umræður hófust um það efni. Mat þátttakenda á íbúafundi á helstu kostum þess að búa á höfuðborgarsvæðinu var nokkuð frábrugðið því sem svarendur nefndu í símakönnun enda voru þeir beðnir um að nefna helsta kost við sitt hverfi. Sá kostur höfuðborgarsvæðisins sem nefndur var lang oftast á íbúafundinum var verslun og þjónusta en í öðru og þriðja sæti voru græn svæði/útivistarsvæði og atvinnumál.



Mynd 1. Helstu kostir höfuðborgarsvæðisins að mati þátttakenda íbúafundar²

Töluverður munur var á röð kosta eftir sveitarfélögum og má sjá þær niðurstöður á mynd 2.

² Þátttakendur á íbúafundinum voru beðnir um að rita niður fimm kosti og fimm galla í forgangs röð, þar sem sá efsti á blaðinu væri stærsti kosturinn/gallinn, sá næstefsti væri næststærsti kosturinn/gallinn o.s.frv. Svör þeirra voru í kjölfarið flokkuð og svör sem sett voru efst á blað fengu 5 stig, næstu 4 stig og svo koll af kolli. Hlutfallstölur eru hlutfall stiga sem flokkurinn fékk af heildarstigum sem gefin voru af þátttakendum frá hverju svæði fyrir sig.



Mynd 2. Helstu kostir höfuðborgarsvæðisins að mati þátttakenda íbúafundar eftir svæðum







Mat þátttakenda á íbúafundi á helstu göllum þess að búa á höfuðborgarsvæðinu var mjög svipað því sem svarendur nefndu í símakönnun sem helsta galla síns hverfis. Sá galli sem nefndur var lang oftast á íbúafundinum var samgöngur, umferð og umferðarmannvirki, en í öðru og þriðja sæti voru skipulagsmál og almenningssamgöngur.



Mynd 3. Helstu gallar höfuðborgarsvæðisins að mati þátttakenda íbúafundar³

Nokkur munur var á röð galla eftir sveitarfélögum og má sjá þær niðurstöður á mynd 4 en munur á göllum sem nefndir voru var þó heldur minni en á kostunum.

³ Þátttakendur á íbúafundinum voru beðnir um að rita niður fimm kosti og fimm galla í forgangsröð, þar sem sá efsti á blaðinu væri stærsti kosturinn/gallinn, sá næstefsti væri næststærsti kosturinn/gallinn o.s.frv. Svör þeirra voru í kjölfarið flokkuð og svör sem sett voru efst á blað fengu 5 stig, næstu 4 stig og svo koll af kolli. Hlutfallstölur eru hlutfall stiga sem flokkurinn fékk af heildarstigum sem gefin voru af þátttakendum frá hverju svæði fyrir sig.



Mynd 4. Helstu gallar höfuðborgarsvæðisins að mati þátttakenda íbúafundar eftir svæðum

Íbúafundur – Umræður og val á sviðsmyndum

Eftir að umræður höfðu farið fram um kosti og galla höfuðborgarsvæðisins meðal þátttakenda á íbúafundinum hófust umræður um sviðsmyndirnar þrjár, kosti þeirra og galla og möguleg áhrif á t.d. samgöngur, byggðarmynstur, náttúru og útivist. Í lok umræðnanna báru umræðuhópar upp spurningar til svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins og einn fulltrúi úr hverjum hópi kynnti niðurstöður hópsins. Í lok fundarins skiluðu allir þátttakendur eyðublaði, þar sem þeir greiddu m.a. atkvæði um hvaða sviðsmynd þeim hugnaðist best. Niðurstöðu þeirrar kosningar má sjá í töflu 14. Eins og sjá má þar voru langflestir þátttakendur (83%) fylgjandi sviðsmynd B, næst flestir (13%) fylgjandi sviðsmynd C en aðeins örfáir (4%) voru fylgjandi sviðsmynd A.

Tafla 14. Hvaða sviðsmynd fyrir þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040 hugnast þér best?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Sviðsmynd A	2	4%	4%
Sviðsmynd B	38	83%	83%
Sviðsmynd C	6	13%	13%
Fjöldi svara	46	100%	
Vil ekki svara	1		
Alls	47		

Í samræmi við þessa niðurstöðu kom fram í umræðum hópa að langflestir þátttakendur væru hrifnastir af sviðsmynd B og samstaða myndaðist um það innan margra hópa, þrátt fyrir að ekki væri farið fram á slíka samstöðu. Töldu flestir þátttakendur að hún væri góð málamiðlun milli leiðar A, sem þótti almennt afar óæskileg og um leið varla möguleg til lengdar, og leiðar C, sem mörgum þótti ganga of langt í átt til þéttingar, vera háð mikilli óvissu og/eða ekki vera raunhæf pólitískt, samfélagslega og efnahagslega. Þó voru sumir fylgjandi því að ganga ögn skemur en leið B í átt að þéttingu byggðar innan núverandi byggðarmarka, þrátt fyrir að þeir teldu B skásta kostinn.

Þrátt fyrir að vera almennt fylgjandi sviðsmynd B höfðu þátttakendur gegnumgangandi áhyggjur af því að gengið væri á græn svæði, jafnt innan sem utan núverandi byggðarmarka, og var nokkuð spurt með hvaða hætti byggð yrði þétt í sviðsmyndum B og C og hvaða svæði yrði gengið á með þeirri stefnu. Í því samhengi töldu margir mikilvægt að endurnýja og byggja upp í núverandi íbúðarbyggð frekar en að ganga á grænu svæðin og nefndu Sundahöfn sem dæmi um iðnaðarsvæði sem ekki ætti heima nærri íbúðarbyggð og mætti frekar nota til búsetu.

Almennt var mikil áhersla lögð á breytta samgöngumáta á höfuðborgarsvæðinu með bættum almenningssamgöngum og auknu vægi hjólræða, göngustíga o.p.h. Þátttakendur voru almennt

jákvæðir í garð lestarkerfis en tóku ekki skýra afstöðu til þess hvort leggja skyldi léttlestarkerfi eða kerfi hraðvagna, auk þess sem einhverjir höfðu áhyggjur af því að það væri of dýrt, væri of mikil skuldbinding og þyldi hugsanlega ekki íslenskt veðurfar og vinda að vetrarlagi.

Veðrið var þátttakendum almennt nokkuð hugleikið og var t.d. nokkuð rætt að óæskilegt væri að byggja of langt yfir 100 metra hæðarlínuna og t.d. þyrfti að byggja háreista byggð í jaðri íbúðarsvæða til að skýla þeim fyrir roki. Mikilvægi nærþjónustu, verslunar og starfsemi í úthverfum og ólíkum byggðarkjörnum var mikið rætt, með áherslu á mikilvægi iðandi mannlífs á öllu svæðinu, frekar en nær eingöngu í miðborg Reykjavíkur. Sömuleiðis var rætt nokkuð um örlög Reykjavíkurflugvallar og hvort lögð yrði lest frá höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkur ef hann færi úr Vatnsmýrinni. Nánari umfjöllun um hugmyndir þátttakenda um hverja sviðsmynd fyrir sig má finna í umfjöllun undir hverri þeirra fyrir sig hér að neðan.

Myndir 1-3 eru skýringarmyndir um sviðsmyndirnar þrjár, sem dreift var til þátttakenda á íbúafundinum. Undir hverri mynd fylgir stutt lýsing á sviðsmyndinni og samantekt af því helsta sem fram kom í umræðum umræðuhópanna um hverja sviðsmynd fyrir sig.



Mynd 5. Sviðsmynd A

Í sviðsmynd A er núverandi stöðu höfuðborgarsvæðisins varpað óbreyttri fram til ársins 2040 hvað varðar byggðarmynstur og samgöngur. Uppbyggingu verði áfram beint að mestu að landsvæðum utan núverandi byggðar eins og undanfarna áratugi. Gert er ráð fyrir að hlutfall ferðamáta verði óbreytt frá því sem er í dag, að um 75% allra ferða innan svæðisins verði áfram farnar á einkabíl og farið verði í framkvæmdir á stofnvegakerfinu fyrir um 130 milljarða króna.

Í umræðum um sviðsmynd A á íbúafundinum kom fram töluverð samstaða um að hún væri ekki æskileg, eftirsóknarverð eða möguleg til lengdar. Þó var ánægja með að hún mundi hlífa grænum svæðum innan núverandi byggðarmarka frekar en aðrir kostir og tryggja fjölbreytilegt búsetuval; fólk verði að hafa kost á því að búa í blokkaríbúð miðsvæðis en líka í einbýlishúsum með stórum görðum og nálæga náttúru í jaðri svæðisins ef það kysi svo. T.d. var nefnd að barnafjölskyldur kynnu að kjósa að búa í dreifðari byggð sem væri barn- og fjölskylduvænni, með meiri kyrrð, ró og rými og nær náttúrunni.

Á hinn bóginn höfðu þátttakendur miklar áhyggjur af auknum samgöngukostnaði, ferðalengd og dreifingu byggðar sem yrði í þessari sviðsmynd, sem og aukinn mengun með mikilli notkun einkabílsins. Almennt kom fram vilji þátttakenda til að breyta samgöngumátum í átt að auknum almenningssamgöngum, hjólréiðum og göngu. Töldu margir að samgöngukerfi og uppbygging þjónustu yrði mun kostnaðarsamari í þessari sviðsmynd en í öðrum.

Þátttakendur lögðu auk þess áherslu á að byggð yrði nægilega þétt til að þjónusta og atvinnustarfsemi gæti þrífist í nærumhverfi allra byggðalaga, úthverfum jafnt sem miðsvæðis, og höfðu þeir áhyggjur af því að byggð yrði of dreifð, lítið mannlíf og langt í allt frá úthverfum höfuðborgarsvæðisins. Þátttakendur töldu yfirleitt ekki raunhæft að þenja byggð mikið lengra út fyrir núverandi byggðarmörk, þar sem skortur væri á byggingarlandi og farið að ganga á náttúruperlur og útivistarsvæði utan byggðarmarkanna



Mynd 6. Sviðsmynd B

Í sviðsmynd B er vexti beint að mestu á svæði innan núverandi byggðarmarka eða um 85%. Nokkrum vexti er beint út fyrir núverandi mörk eða um 15% á svæðum sem falla vel að núverandi byggðarmynstri. Gert er ráð fyrir breytingum á ferðamáta, hlutfall ferða á einkabíl verði um 58% en hlutfall almenningssamgangna þrefaldist, verði um 12-13%. Sömuleiðis er gert ráð fyrir um 35 milljörðum í framkvæmdir á stofnvegakerfinu til að liðka fyrir bílaumferð en um 30-65 milljarða fjárfestingum í nýju hágæðakerfi almenningssamgangna, sem jafngildir 15-20 km löngum almenningssamgönguás til viðbótar við kerfi strætisvagna.

Í umræðum um sviðsmynd B á íbúafundinum kom fram að langflestir voru hrifnastir af þeirri sviðsmynd. Sumir vildu þó ganga nokkru skemur en hún gerir – þ.e. hafa eitthvað lægra hlutfall en 85% byggðar innan byggðarmarkanna. Töldu þátttakendur hana vera ágæta málamiðlun og milliveg milli tveggja stefnukosta um þéttingu eða dreifingu byggðar; mun hagkvæmari kost en sviðsmynd A og á sama tíma raunhæfari en sviðsmynd C. Henni til ágætis var nefnt að hún hefði í för með sér minni samgöngukostnað og ferðalengdir, byði upp á meiri notkun almenningssamgangna og minni notkun einkabílsins og þar með minni mengun. Með henni yrði meira mannlíf og nærsamfélög með aðgengilegri þjónustu, atvinnustarfsemi og afþreyingu í sem flestum byggðarlögum. Jafnframt var talið að hún byði upp á fjölbreytta búsetuhætti og að úthverfin myndu með henni taka við sér sem byggðarkjarnar.

Þó nefndu einhverjir henni til lasts að með henni væri ekki tekin skýr afstaða um framtíðarstefnu varðandi þéttingu eða dreifingu byggðar. Sömuleiðis höfðu margir miklar áhyggjur af því að gengið yrði um of á græn svæði innan núverandi byggðarmarka, t.d. Laugardalinn, Fossvoginn, Elliðaárdalinn, Klambratún, Öskjuhlíð o.s.frv. Sömuleiðis var nefnt að passa þyrfti upp á að fólk gæti áfram kosið að búa í rólegri úthverfum, með stærra íbúðarhúsnæði, görðum og nærri náttúrunni; sérstaklega barnafjölskyldur.



Mynd 7. Sviðsmynd C

Í sviðsmynd C er öllum vexti beint á svæði innan núverandi byggðamarka. Engin uppbygging yrði þá utan þeirra svæða sem þegar hafa verið tekin undir byggð. Í sviðsmynd C er gert ráð fyrir miklum breytingum á ferðamáta; hlutfall ferða á einkabíl verði um 50% en hlutfall almenningssamgangna fjórfaldist, verði um 16%-20%. Gert er ráð fyrir um 16 milljörðum í framkvæmdir á stofnvegakerfinu til að liðka fyrir bílaumferð í sviðsmynd C. Einnig er gert ráð fyrir 30-65 milljarða fjárfestingum í nýju hágæðakerfi almenningssamgangna, sem jafngildir 15-20 km löngum almenningssamgönguás til viðbótar við kerfi strætisvagna.

Í umræðum um sviðsmynd C á íbúafundinum kom fram að sumir voru spenntir fyrir þeirri leið og sögðu margir hana vera draumakostinn en flestir töldu hana vera óraunhæfa, of áhættusama og/eða ganga of langt í átt til þéttingar og kusu þess vegna frekar sviðsmynd B.

Henni til ágætis var meðal annars nefnt að hún yrði líklega hagkvæmust fyrir heimilin, með minni samgöngukostnaði og ferðatíma þar sem styttra væri í allt og minni mengun. Sömuleiðis byði hún upp á þéttar blokkabyggðir fyrir eldra fólk og minna væri gengið á grænu svæðin utan núverandi byggðarmarka en í öðrum sviðsmyndum. Þó þyrfti hugarfarsbreytingu til að svo róttækar breytingar á samgöngumátum, lífnaðar- og búsetuháttum íbúa höfuðborgarsvæðisins yrðu á þessum tíma.

Margir töldu að með þessari leið væri of langt gengið í þéttingu byggðar og mikil hætta á að gengið yrði um of á áðurnefnd græn svæði innan núverandi byggðarmarka, höfðu margir miklar áhyggjur af að mikilvægum svæðum yrði fórnað fyrir skammtímahagsmuni í byggingarkostum. Sömuleiðis nefndu margir að það yrði að vera valkostur að búa í einbýlishúsi og dreifðari byggð;

Þessi sviðsmynd horfði nokkuð fram hjá þeim sem það kysu, t.d. ungt barnafólk. Nokkrir höfðu efasemdir um að nægilegt land væri til staðar innan núverandi byggðarmarka, að hægt væri að treysta á lestarkerfi fyrir miklum hluta samgangna á Íslandi, sem og að pólitísk sátt næðist um þessa leið. Einhverjir lýstu sömuleiðis áhyggjum af því að „gamli bæjarsjarminn“ mundi hverfa með svo þéttri byggð, sem yrði líkari evrópskum stórborgum.

VIÐAUKI – FYRIRSPURNIR ÞÁTTTAKENDA TIL FAGHÓPS

Græn svæði og þétting

- Hversu mikið verður gengið á grænu svæðin innan borgarmarkanna? Og má treysta því að þau verði byggð upp með áherslu á aukna lýðheilsu og heilsuefningu?
- Hvaða grænu svæði verða fyrir áhrifum ef leið B verður fyrir valinu? Verða það ytri (græni trefillinn) eða innri svæði?
- Leið C – hversu mikið verður gengið á græn svæði innan borgarmarkna?
- Á hvers kostnað á þétting að vera?

Loflagsbreytingar

- Er hækkandi sjávarmál tekið inni borgarskipulag fyrir næstu 25 – 50 árin?
- Er horft til tækniþróunar og veðurfarsmála í þróun skipulagsmála?

Samvinna og sameining sveitarfélaga

- Hvaða sameiningarmöguleikar eru fyrir hendi hjá sveitarfélögum, án þess að sameina þau að fullu? Er t.d. hægt að sameina skipulagsmálin (valdið)?
- Er svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins ekki of takmarkað? Þarf ekki að líta einnig til nálægra sveitarfélaga, s.s. Akraness Selfoss og Reykjanesbæjar?
- Af hverju er ekki skoðað í einni heild svæðisskipulag Suðvesturlands, því svæðið myndar í raun eina búsetu- og atvinnuheild?
- Gengur þetta upp að þetta byggð eins og lýst er í B og C? Út frá pólitísku sjónarmiði og mismun á valdi sveitarfélaga
- Er raunhæft að sveitarfélögin vinni þetta allt saman? Hagsmunaárekstrar o.fl.?

Samgöngur

- Gerir faghópurinn ráð fyrir að flugvöllurinn verði eða fari? Hvert ætti flugvöllurinn að fara?
- Hvernig hafa þessir kostir (samgöngu: léttlest og hraðvagnar) komið út veðurfarslega séð (gúmmídekk / teinar í snjó)?
- Á að gera lest strax á Íslandi? Má ekki laga strætókerfið fyrst? Um leið og almenningssamgöngur batna minnkar umferð og stressið þar í kring?

Grunnþjónusta

- Hvað ræður vatnsveitan og orkuveitan við í tengslum við aukinn íbúafjölda, t.d. 70 þúsund fleiri íbúa árið 2040?
- Hvernig breytast sorphirðumál í A, B og C?
- Hvaða áhrif hefur leið C á þjónustu við borgina? Heilsugæslu o.s.frv.

Kynjasjónarmið

- Eru engin kynjagleraugu notuð í skipulagsmálum, þ.e. er það greint hvort ólíkar útfærslur á skipulagi hafi mismunandi áhrif á konur og karla?

Annað

- Af hverju er bara horft til ársins 2040, hví ekki lengra fram í tímann?
- Hvers vegna eru almennir borgarar ekki hluti af faghópnum?
- Róttækasta leiðin hljómar sú besta en mun Ísland fara í það? Hví er svo erfitt að breyta venjum okkar? Af hverju er svona erfitt að prófa nýtt? Hverjir eru svo ókostirnir sem við sleppum við?
- Hvert er flatarmál hinna landsvæðanna sem voru notuð í kynningunni til samanburðar?
- Er raunhæft að taka þessi skref fram á við?
- Hvaða forsendur liggja að baki ákvörðun á sviðsmynd? Fjárhagslegar? Annað? Hvað vilja þeir 70.000 íbúar sem eiga eftir að bætast við?

Hrafnkell Á Proppé svaraði helstu spurningum fyrir hönd faghópsins. Í máli hans kom m.a. fram að íbúafundurinn væri liður í því að hafa samráð við almenna borgara og heyra þeirra sjónarmið. Hann benti á mikilvægi þess að forgangsraða svæðum þegar byggð er þétt. Þá er jafnframt mikilvægt að greina gæði einstakra svæða til þess að tryggja að þétting styrki búsetugæði höfuðborgarsvæðisins. Ekki er unnt að svara því á þessu stigi hvaða grænu svæði yrði farið inn á en svæðisskipulag þarf að gefa leiðbeiningar um þéttingu án þess að gengið sé á dýrmætustu svæðin.

Hann greindi jafnframt frá því að stefnt væri að því að skoða skipulag á öllu Suðvesturlandi í heild. Sveitarfélög hafa aukið samstarf sitt eftir hrun og sameiginlegt svæðisskipulag er liður í því aukna samstarfi. Sameining sveitarfélaga er hins vegar háð því hversu langt einstök sveitarfélög vilja ganga. Þar sem svæðisskipulag er rétt hærra aðalskipulagi er um áhrifamikið samstarf sveitarfélaga að ræða.

Gera má ráð fyrir að stofnkostnaður við veitukerfi geti orðið nokkuð hærri við það að þetta byggð en hins vegar má gera ráð fyrir töluvert lægri rekstrarkostnaði við styttra kerfi. Sama má segja um sorphirðu að hún er ódýrari, því þéttari sem byggðin er.

Léttlestir og hraðvagnakerfi hafa reynst prýðilega á norðlægum slóðum og hér má auðveldlega nýta affallsvatn til snjóbræðslu. Loks útskýrði Hrafnkell að meginástæða þess að einungis væri horft til ársins 2040 væri sú að óvissa eykst því lengra fram í tímann sem horft er. Meðal þess sem horft er til í þessu samhengi eru yfirvofandi loftlagsbreytingar. Ákvarðanir í svæðisskipulagi vara þó til mun lengri tíma en 25 ára.

VIÐAUKI – SAMANTEKT AF UMRÆÐUM HÓPA

Borð 1

- Sviðsmynd A
 - Sviðsmynd A krefst mjög kostnaðarsams þjónustustigs. Dýrt að byggja upp skóla, samgöngur. Kostirnir eru að nýjar hugmyndir fá að koma fram.
 - Nýir skólar og þjónusta þurfa þó samt að koma ef byggt er inn á við. Fjölgun hverfastöðva, stofnkerfi og vatnskerfi þarf að efla hvort sem er. Mikilvægt að finna umhverfisvænan veg og jafnvel endurnýja frárennsli sem er ekki skólp. Hreinsunarstöðvar inn í hverfi. Ef byggt er inn á við er líklegt að meiriháttar uppfærsla á lögnum sé nauðsynleg.
 - Rýmingarleiðir þarf að endurskoða ef þétting byggðar er markmiðið, t.d. í tilfelli flóðbylgju. Bent á vankanta þess að koma fjölda fólks úr fjölmönnum hverfum.
 - Aukinn kostnaður við að rífa upp og endurnýja, frekar en að byggja nýtt. Sbr. Hverfisgatan í RVK. Ónæði. Í ljósi þess að margt þarf að endurnýja sjá sumir meðlimir ekki mikla hagræðingu í því að byggja inn á við, þar sem dýrara getur reynst að endurnýja en að byggja nýtt. Bent á að Hverfisgatan sé 1,5 km og kosti endurbæturnar rúman milljarð.
 - Mikilvægt er að öll þjónusta sem fólk þarf sé nálægt því.
 - Vandamál við bílastæði í þéttri byggð. Þetta þarf miðbæinn svo hann dafni. Ný hús oftast byggð með góðum bílakjöllurum fyrir íbúa.
 - Fólk í Mosfellsbæ virðist afslappaðara. Dreifð byggð er barn- og fjölskylduvænni. Mikil þörf á þéttingu í öllum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.
 - Alls ekki má ganga of langt í þéttingu svo ekkert verði eftir af grænum svæðum og opnum. Róleggra að búa í úthverfum.
 - Kostnaðarmunur sem var sýndur í kynningunni er dreginn í efa og borðmeðlimir telja ekki eins mikinn sparnað í sviðsmynd C. Með þéttingu byggðar er nauðsynlegt að hugsa um fjölgun bíla og umferð þeirra.
- Sviðsmynd B
 - Almennt raunhæfasti kosturinn meðal borðmeðlima.
- Sviðsmynd C
- Samgöngur
 - Rætt um mismunandi útfærslur á lestum og vögnum. Vekja þarf meiri athygli á bílastæðahúsum svo fólk kjósi að leggja þar sem fyrsta valkost. Fólk leitar um allt að hefðbundnu stæði í stað þess að fara beint í bílageymslu.
 - Sviðsmyndir A og C eru ólíkar hvað varðar samgöngur. Því hærra sem byggð leitar og utar, því verra verður veðrið. Allt öðruvísi veður í miðbænum heldur en í Grafarholti.
 - Fólk nennir ekki að labba og bíða eftir almenningssamgöngum þar sem snjómokstur er seinn og langar vegalengdir. Ef byggð stækkar meira út á við er ljóst að færri nýta sér alm.samg. Umferð og álag á vegakerfi stóreykst með tilheyrandi kostnaði.
 - Aftur bent á efasemdir um allan sparnaðinn sem á að felast í að byggja eingöngu inn á við. Líklegt að þrenging gatna og fækkun bílastæða skapi auknar umferðartæppur í miðbænum.

- C kemur best út hvað varðar almenningssamgöngur. Ef hverfin eru byggð þannig að ekki þurfi að leita mjög langt út fyrir það í þjónustu er hægt að sjá fyrir sér að það sé hagkvæmt.
- Mikilvægt er að byggja upp hjólastíga og almenningssamgöngur ef þetta skal byggð og stuðla að því að fólk dragi úr notkun einkabílsins. Huga þarf að sætum og bekkjum fyrir almenning víða í úthverfunum og sérstaklega í kringum almenningssamgönguleiðir, strætóskýli ofl. Engihjalli og Kópavogur nefnt í þessu samhengi. Vantar skýrari og gagnvirkari upplýsingar í strætóskýlum.
- Þétting byggðar leiðir til minna roks, og því grundvöllur fyrir örari ferðir í almenningssamgöngum.
- Hraðlest til Keflavíkur ef flugvöllur fer úr Vatnsmýrinni.
- Byggðarmynstur
 - Ekki þarf að færa hverfin ofar í landið og ætti að einbeita sér að því að byggja með ströndinni. Korpúlfsstaðargolfvöllur má vikja fyrir flottri byggð. Nóg pláss með ströndinni alla leið til KEF og því óþarfi að byggja í Heiðmörk.
 - Næstu ár mun vanta blokkaríbúðir 90-120 fm. Ljóst er að nýjar íbúðir í miðborginni og nær verði mjög dýrar og því nauðsynlegt að stuðla að byggingu ódýrari íbúða. Vandinn er að landið er metið svo dýrt af hagsmunaaðilum.
 - Lágreist byggð og græn svæði.
 - Til að hægt sé að fá ódýrt íbúðarland er nauðsynlegt að byggja út og upp. Vill fólk bara búa í ódýrum, stórum húsum?
 - Til að uppfylla kröfur um þéttingu í leið C liggur ljóst fyrir að nýjar byggingar verði allar fjölbýlishús. Það er nóg pláss. Ungt fólk vill eiga ódýrar íbúðir til að byrja með, ekki eyða öllu í fasteignir. Blokkir 6-8 hæðir eru of háar. Skipulag á opnum svæðum í Skuggahverfinu þykir flott þegar menn hafa náð að koma auga á það.
- Náttúra og útivist
 - Möguleikar til útivistar eru svipaðir í öllum sviðsmyndum.
 - Með útpenslu byggðar er „styttra“ í ósnerta náttúru.
 - Frumkvæði frá yfirvöldum að halda úti flottum gördum ætti að vera fyrir hendi.
 - Mikilvægt er að grænir fletir fái að halda sér, að því gefnu að það séu hús sem eru rifin fyrir ný hús en ekki nýtt byggt á grænum svæðum.
 - Öll hverfi þarf að byggja upp þannig að X mikið sé af grænum svæðum, X mikið af svona stígum og bekkjum o.s.frv. Þetta jafnvel tryggt með lögum eða reglusetningum. Óraunhæft að gera ráð fyrir þéttingu byggðar og aukningu grænna svæða. Almenn ánægja með fjölda göngustíga, en þeir eru helst til mjóir. Árekstrar milli hjólréiðafólks og göngufólks með dýr o.fl.
- Annað
 - Heppilegast fyrir budduna að byggja inn á við. Samgöngukostnaður lækkar.
 - Þjónusta seinna meir. Þjónusta fyrir 1000 hektara er ódýrari en 3000 ha.
 - Íbúðir dýrari en samgöngur ódýrari þegar kemur að C.
 - Því styttra sem er í þjónusta því betra er að hjóla. Ódýrara að búa á jaðarsvæðum.
- Samantekt
 - Sumstaðar getur borgað sig að þetta byggð, sumstaðar ekki. C þykir ganga of langt. B heppilegust.

- Sem mesta breidd í búsetukostum. Ef hægt er að búa í úthverfum og fá góða þjónustu er það mjög gott. Sviðsmynd B er heillandi í því ljósi. Blönduð byggð, sérbýli, raðhús og fjölbýli í bland.
- Hvatar fyrir fólk til að fjárfesta. Kaupleigukerfi.
- Mikilvægt er að stóru húsinn séu í jaðrinum svo þau geti e.t.v. skýlt lægri byggð. Veðurvistfræðileg sjónarmið. Halda lágreistri byggð í sátt og samlyndi við umhverfið, ekki fara yfir 100 metra hæðarlínuna.
- Leggja meira pláss í biðaðstöðu fyrir almenningssamgöngur.
- Gagnrýni á vinnuna. Ekkert nema fræðingar og háskólamenntaðir sérfræðingar í stýrihópum, enginn fulltrúi venjulegs almennings í þessari vinnu. Hvers vegna er enginn almennur borgari fenginn til að segja sína skoðun. Meira samráð við almenning. Samræma þarf staðla milli sveitarfélaga um framkvæmd og frágang gatna, göngustíga og fleira slíkt. Reglugerðir um aðgengi fatlaðra og samræmingu á þeim.

Borð 2

- Sviðsmynd A
 - Á ekki heima í umræðunni, hækkaður kostnaður, auknar samgöngur.
 - Hver er fórnarkostnaður við að þrengja byggð?
 - Græn svæði - traust á yfirvöld að græn svæði haldist
 - Skipting á milli stjórna og ekkert samhengi milli stjórna
 - Byggja upp samgöngur og skipuleggja það vel áður en hús og íbúðakerfi eru byggð
 - Mismunandi þarfir milli fjölskyldna og gamalla og einstaklinga/einhleypra (áherslur breytast)
 - Mesti ókostur við A er að einkabíllinn yrði áfram notaður.
- Sviðsmynd B
 - B og C eru bestu kostirnir
 - B. Gengið aðeins minna á grænu svæðin
- Sviðsmynd C
 - C. Yrði hagkvæmust fyrir heimilið. Hvað með lífsgæði? Hvaða gæðum viljum við gera hærra undir höfði?
 - C. Allt heldur áfram að vera stutt sem þýðir að þetta megi byggð og þar með má byggja upp betri samgöngur
 - Mætti útfæra skipulagningu svæðis með kosningu og íbúafundum
 - Mætti byggja upp svæði þar sem t.d. eldra fólk væri ef byggð væri þétt
 - Mætti hugsa lengra en 25 ár fram í tímann, hugsa fyrir næstu 50 árin og eiga þá pláss inni
- Samgöngur
 - Mjög mikilvægt að bæta samgöngur, betri almenningssamgöngur væru líklegri með þéttari byggð.
 - Ef svæðisskipulag C. Yrði fyrir valinu yrði flugvöllurinn þá færður út fyrir borgarmörkin?
 - Niður með einkabíllinn og upp með strætó og hjól/göngu
- Byggðarmynstur
 - Það vantar fleiri minni íbúðir með minni lóðum.
- Náttúra og útivist

- Hópurinn var sammála um að græn svæði innan borgarmarka væri eitthvað sem skipti miklu máli, þ.e. að ekki yrði gengið á þau við skipulagningu nýrra hverfa
- Annað
 - Hópurinn var sammála um að kostur C væri sennilega hagkvæmastur fyrir heimilin, minni tími í bíl/samgöngur og meiri tími utan vinnu, minni þörf fyrir einkabíl
 - Drepið var á því að leyfa íbúum að taka þátt í skipulagningu, með t.d. kosningu, fleiri íbúafundum o.s.frv.
 - Ef skipuleggja á höfuðborgarsvæðið sem eina heild þótti borði 2 mikilvægt að sveitarfélögin skipulegðu sig í samráði við hvort annað (t.d. með sameiningu sveitarfélaga), svo koma megi í veg fyrir að íbúðarsvæði sé byggt upp í einu sveitarfélagi og 100 metrum frá iðnaðarhverfi annars sveitarfélags.
 - Skipulagning byggðar mætti vera hugsuð til 25-50 ára en ekki aðeins 20-25 ára.
 - Ath. Hvað með hækkandi sjávarborð og úrgangsmál?
- Samantekt
 - Allir á borðinu velja B eða C, því fylgir aukin hagræðing og þétting yrði meiri. Enginn valdi A.
 - Kostir við C og B. Þétting byggðar, betri samgöngur, meiri nánd, aukin lífsgæði, vonum að með þéttingu byggðar yrði minna um einkabílinn sem þýðir minni mengun, minna CO₂
- Umræður um spurningar
 - Hver er hættan við grænu svæðin? Verður gengið á grænu svæðin?
 - Verða samgöngumál í raun vel skipulögð?
 - Verður hækkandi sjávarmál tekið inn í myndina?
 - Verður flugvöllurinn þá færður? Og hvað með veðurfarið?
 - Hvaða áhrif hefði þétting byggðar á gangandi og hjólandi vegfarendur? Yrðu stígar bættir?
 - Hvaða mynd myndi stuðla að lifandi miðju, C eða B?
 - Ef þetta á byggð, þarf þá ekki að sameina sveitarfélögin? Svo megi koma í veg fyrir að eitt sveitarfélag byggi upp iðnaðarsvæði og 100 m frá er íbúðarsvæði hjá öðru?
 - Loftslagsgæði milli A og C?

Borð 3

- Sviðsmynd A
 - Áframhald á því sem er fyrir, út í þessu grænu auðu svæði.
 - Það er dýrasta stefnan að þenja út byggðina.
 - Það er ekki bara dýrast, það er langdýrast. Ég held að ef við höldum áfram að þenja út byggðina sé það óskynsamlegt, meiri fjarlægðir, meiri mengun, dýrari samgöngur. Miklu hagstæðara að þetta byggðina. Við þurfum ekki lestarkerfi ef við þéttum byggðina. Sem þýðir minni mengun og vistvænna og mannvænna umhverfi.
 - Best að skoða alla möguleika. Með því að stækka inn á við erum við komin að þenslumörkum, þetta kemst ekki allt fyrir.
 - Samt svakalega dreifð byggð eins og t.d. í Garðabæ, rosalega 2007. Öll þess stóru einbýlishús og einkagarðar.
 - Löngum verið einkenni RVK, lágreist byggð og mikið af grænum svæðum.
 - Það væri gott fyrir samgöngur að vera með þéttara svæði og dreift á milli.
 - Bílamál: Verða rafmagnsbílar í framtíðinni = engin mengun.

- Hvað finnst ykkur um að 75% umferðar sé með einkabílum?
 - „Fáránlegt.“ Ef við færum leið B væru 20% í einkabílum.
 - „Ég man þegar ég var með mín börn í skóla og ípróttastarfi, ég gat bara ekki notað almenningssamgöngur, þetta verður að laga.“
 - Það þarf að tengja við Reykjavík. (Umræða um Sundabraut og það sem er að henni)
 - „Það er allavega ekki skortur á einbýlishúsum, það er skortur á minna húsnæði fyrir námsmenn og ungt fólk.“
 - Ekki verið hægt að setja upp körfuboltakörfur í mörg ár af því að forgangsmálin eru önnur. Við þurfum að hugsa um unga fólk.
- Hvað finnst ykkur um að byggja út á við?
 - Nauðsynlegt – En þurfum við ekki að nýta meira það sem er til staðar? Ofboðslega dýrt að þenja út á við.
 - Líka mjög dýrt að endurnýja það sem er fyrir. Lagnakerfið myndi víða ekki þola það.
 - Ef þú ætlar að þetta byggðina og bæta við Elliðaárvogi, þú þarftu að gera ráð fyrir lagnakerfi.
 - Dæmi um Mosfellsdal, þar er mikið dreifbýli og fólk vill gjarnan búa þar. En það vantar alveg strætótengingar.
- Hvað finnst ykkur um kostnaðinn við leið A? Kostnaður við stofnvegakerfi.
 - Ósjálfbært – Dýrt að leggja þessar brautir, en ef við horfum ögn lengra, þá þarf borgin að stækka. Borgar sig þá ekki að vera búin með uppbyggingu að einhverju leyti. Horfum fram um 40 ár. Er ekki betra að byrja að leggja kostnaðinn núna? Það er vitað mál að borgin þarf að stækka.
 - „Númer 1, 2, og 3 eru samgöngur, þær verða að virka.“ Hvort sem það er lestarkerfi, einkabílar, strætóar. Verður það nægilega öflugt? Hvað erum við að gera? Hvernig leggjum við þetta? Hraðstrengurinn fer mjög hratt í dag, þegar farið er til vinnu á morgnana.
- Sviðsmynd B
 - Hrífin af leið B - millivegur. Fólk mun sjálfstætt byggja út fyrir ef það óskar eftir því.
 - 60% ferða á einkabíl, 20% í lestarkerfi. Það hljómar nærri raunveruleikanum. Það væri gott að fá léttlestarkerfi. Það mun létt á einkabílum.
 - Varðandi hraðvagna, stærð gatna, þær eru svo þröngar að það er ekki hægt að koma neinu fyrir.
 - Tel alveg takmörk fyrir því hvað er hægt að setja marga á lítil svæði. Það er svo margt sem heimtar pláss. Það þarf líka plássid fyrir íbúana og þjónustuna.
 - Skulum athuga hvað þarf að fylgja því. Það eru engar háar byggingar. Þú gengur um mjög fallett svæði, það eru leiksvæði allstaðar. Það er eitthvað fyrir börnin allstaðar. Við megum ekki þetta svo mikið að það hverfi allt grænt og það hverfi allt mannlega.
 - Getum sæst á tillögu B – mögulega þetta á ákveðnum svæðum. Og halda grænum svæðum í útjaðri.
 - Miðjumoð, í henni felst engin afstaða til þess hvers konar höfuðborgarsvæði við viljum byggja. Það er engin visthyggja í þessu. Það yrði mest byggt inn á við og mjög lítið út á við. Við getum bara tekið þetta iðnaðar- og atvinnuhúsnæði upp að Esju beint í rokið.
- Mynduð þið nota léttlestarkerfi í framtíðinni?
 - „Já ekki spurning.“ Sérstaklega ef það væri nothæft út fyrir miðjuna í Reykjavík.

- Þá þarf að gera eins og með hjólréiðakerfið. Gert að sporti. Það þarf að gera það sama með strætisvagnana, það þarf að hvetja fólk.
- „Mér finnst vanta inn í þetta einn stóran þátt – veðrið. Ég man þá tíma sem það var þrautin þyngri að komast út fyrir Bakkahverfið. Það sem ég er að benda á er að lestarkerfið stoppar þegar veður verða mikil. Það má ekki byggja svona stóran hluta af flutningakerfinu á einhverju sem stoppar.“
- Sviðsmynd C
 - „Ekki koma til geina.“
 - „Mér finnst það eina vitið. Þetta.“
 - „Þetta er eins og steypustöðin við sandana í bryggjuhverfinu. Þeir áttu að vera farnir fyrir 15 árum og eru þar enn. Þeir settu bara grashól þarna fyrir og fólk hefur ekkert útsýni þess vegna. Yndislegt svæði með forljótum iðnaðarbyggingum. Byggja þetta upp.“
 - „Ég held að það verði að fara töluvert út fyrir. Við erum að tala um 2040, við þurfum að hugsa um hvað gerist á þessum tíma. Hvernig verða samgöngur? Verða það kannski svifbílar? Við hlæjum að miklum framförum í dag, okkur finnst þetta óraunhæft.“
- Fjármál varðandi sviðsmynd C:
 - „Mér finnst með leið C að þá sé maður að taka afstöðu til þess hvernig maður vill hafa umhverfi sitt.“ - „Ég er á öndverðum meiði – mér finnst vanta víðara samhengi í þessar tillögur. Það vantar ítarefni. Ég tel að við þurfum að stækka út á við og horfa líka til ákveðinna svæða til að byggja inn á við. Og færa stóriðjusvæði.“
 - Á sama tíma og við þéttum þarf umferðin að fara eitthvað annað. Það er allt of mikið af bílum.
 - Í leið C felst ákveðin vishyggja. Við skulum líka athuga ört vaxandi ferðamannastraum. Þegar túristar fara í aðrar borgir þá fara þeir ekkert í Grafarvog þeirra borga. Þetta er ferðamannaíðnaður sem mun skipta okkur miklu máli í framtíðinni.
- Samgöngur
 - Sviðsmynd A:
 - Jákvæð áhrif ef við getum minnkað einkabílaflotann og bætt kerfið eins og það er í dag.
 - Öðruvísi og kostnaðarsamara að reka almenningssamgöngur
 - Ferðatími fólks daglega lengist ef þeir halda áfram að loka öllu í úthverfum, nú þarf ég að fara niður í Ármúla til að fara í Vís og niður á Höfða til að fara í banka. Þetta lagast ekki ef við byggjum dreift. Aksturinn verður meiri.
 - Sviðsmynd B:
 - Eykur möguleika á rekstri samgangna, ekkert viss um að það hafi áhrif á almenna hreyfingu.
 - En almenningssamgöngur verða að vera þannig að fólk geti notað þær.
 - „Ég er alveg viss um að þessi mengun af bílum verði ekki eins mikil eftir 25 ár. Það verður breyting á þessu. Mengunin hverfur.“
 - Við erum land sem mengar mjög mikið, það er aðallega skipaflotinn.
- Sviðsmynd C:
 - „Ferðatími lengist, klárt mál.“
 - Mengun? Hún mun minnka.

- „Ég er ekki viss um að ferðatími lengist með þéttari byggð, alls ekki. Ef almenningssamgöngurnar verða bættar þarf þessi tími ekki að lengjast.“
- „Mér finnst vanta algjörlega kynjavinkilinn í þessum skipulagsbreytingum. Við erum að tala um hundruðir milljóna og það eru engin kynjagleraugu uppi. Þetta er bara þannig þegar þú ákveður að leggja götu, hverjum kemur það til góða? Við erum að tala um skattfé borgaranna. Við verðum að skoða hverjir fá þetta skattfé. Við þurfum að hafa þennan vinkil á í skipulagsmálum.“
- Byggðarmynstur
 - „Ég held að stóra einbýlishúsið með einkagarði sé bara 2007.“
 - Það verður samt að vera val - minna ef allt er byggt inn á við. Þá er þetta val ekki fyrir hendi.
 - „Ég held að við séum alltaf að tala um blandaða byggð, sama hvaða svið við veljum.“
 - Það getur haft góð áhrif og slæm á atvinnulífið. Álagið dreifist ef það byggjast upp atvinnukjarnar á mörgum stöðum. „Ég vil sjá fleiri kjarna sem saga atvinnulífið að sér.“
 - Lifandi og gott samfélag, hvaða leið? Væri miklu heilbrigðara að vera með litla kjarna og byggja upp líf þar. „Ég vil sjá þéttingu á völdum stöðum.“
 - Manneskjulegt umhverfi, skjólgóð og falleg byggð: Trjágróðurinn. Meira fjölskyldusamfélag í A. Mannlegra fyrir heildina. C er meira fyrir nokkra. „Þarf að vera hvort tveggja, vaxa í báðar áttir.“
- Náttúra og útivist
 - Engin ein sviðsmynd frekar en önnur.
 - „Ég segi C þar. Þú ert að nota svo mikið pláss í A“
 - „Ef settur yrði trjágróður í Esjuna myndi rok stoppa.“
 - „Mér finnst eins og meiri dreifing hafi betri áhrif á náttúruna. Heldur en að troða öllu á eitt svæði.“
 - „C fyrir mitt leyti þar. Ég sé frekar kostinn í að nota minna af svæði og það sé umhverfisvænna en að nota meira svæði.“
- Annað
 - Húsnæðisverð myndi hækka í sviðsmynd C
 - Það er langdýrasta svæðið á þessu þetta svæði, miðborgin.
 - Við verðum að muna að sviðsmynd C myndi hækka matvöru og alla þjónustu. Ég held að þetta myndi bara blása upp.
 - „Ég held ekki að þetta hafi áhrif á matvælakostnað. Grunurinn byggir á að það myndist þjónustukjarnar, þannig að fólk þarf ekki að sækja þjónustu um alla borg“
 - C bíður upp á meiri fjárhagsveigjanleika.
- Samantekt
 - Tvær spurningar: Kynjamálin og það sé horft til veðurfars.
 - Fólk var almennt sammála um verndun grænna svæða. Það er mjög sterkur punktur.
 - Þéttleiki byggðar: Mjög skiptar skoðanir.
 - Ef almenningssamgöngur batna, þá verða alltaf að vera möguleikar á að víkka byggð líka. Það verður alltaf að vera val.
 - Þurfum að bæta samgöngukerfið hvernig sem við byggjum.
 - Hluti hópsins var á því að lestarkerfi væri hentugt. Mjög skiptar skoðanir þó. Hluti hóps velur að styrkja almenningssamgöngur og hluti vill styrkja stofnkerfi.

- Skipulagsáætlun þarf að vera afgerandi hvað varðar framtíðina. Hópurinn er sammála um að áætlanagerð sé mjög mikilvæg. Það er það sem vantar oft í þjóðfélagið.
- Niðurstöður sem voru lesnar upp fyrir salinn:
 - Í hóp 3 voru heldur betur skiptar skoðanir en hópurinn var almennt sammála um að grænu svæðin ættu að fá að halda sér.
 - Samgöngumál ættu að vera í takt við þéttleika. Við vorum sammála um að almenningssamgöngur væru almennt ekki nógu góðar og það þyrfti að bæta þær, í takt við þéttleika.
 - Varðandi þéttleika byggðar þá vorum við ósammála, það var ýmist A eða C eða allt á milli. Vorum eiginlega á því að ekkert af möguleikunum yrði viðunandi niðurstaða.
 - Við erum á því að bókhald heimilisins sé mikilvægt og einnig er mikilvægt að hafa val um það hvernig þú býrð.
 - Okkur finnst húsnaðismál fyrir námsmenn algjörlega úr takti við þarfir.
 - Umhverfismál eru mjög mikilvæg. Það er mikilvægt að hafa þau á hreinu. Við erum bjartsýn á þau mál. T.d. mun bílaflotinn okkar vonandi nýta vistvænni orkugjafa í nánustu framtíð.

Borð 4

- Sviðsmynd A
 - Nauðsynlegt að þétta byggð.
 - Við erum komin að ystu mörkum byggingarsvæðisins – farið að ganga á grænu svæðin og t.d. Vatnsendasvæðið, græna trefilinn, þ.a.l. farið að lengja vegalengdirnar. Sísti kosturinn
 - Sísti kosturinn. Skortur á byggingarlandi.
 - Farið að ganga á náttúruperlur og útivistarsvæði. Erfiðari og kostnaðarsamari samgöngumál. Langt í frá fýsileg mynd. Einbeita okkur að því að þétta byggð inn á við.
 - „Sammála. Viljum við að fólk búi í hálfdaudu einbýlishúshverfi? Skemmtilegra að búa nær hvert öðru – myndar líf. Þessi því frekar slæmur.“
- Sviðsmynd B
 - „Hlynntur þeirri. 85% þétting byggðar. Vildi sjá að farið væri betur í að tengja saman úthverfin – eru svolítið í sitthvora áttina. Að öðru leyti er sviðsmynd B góður kostur.“
 - „Tel hana vera raunhæfasta af þessum þremur.“ Hlynntastur C en þessi raunhæfust. Telur að við ættum að skoða möguleikann á að þétta byggð í eldri hverfum. Má búa til íbúðarbyggð þar sem áður var verslunarsvæði t.d. – nýta fleiri möguleika. Varðandi samgöngur - hraðvirkari, ódýrari.
 - „Raunhæfari en C. Nauðsynlegt að þétta byggð og nota samgöngur milli hverfa – t.d. hefur ekki komist í verk að tengja úr Kópavoginum í Seljahverfið í Reykjavík.“ Tekur 20 mínútur að labba frá Seljahverfi í efri byggðir í Kópavogi en að öðru leyti finnst henni B raunhæfust.
 - „List vel á kost B.“ Gott að minnka notkun einkabílsins – lélegt strætókerfi og fer betur með umhverfið. Finnst léttlestir sniðugur ferðamáti.
 - „B vænlegasti kosturinn.“ Varðandi samgöngur milli úthverfa – þau liggja jafnvel hlið við hlið en ert óratíma að fara á milli þeirra.
 - Fleiri myndu kjósa almenningssamgöngur ef þær væru betri – ef maður kæmist í vinnu á ásættanlegum tíma með almenningssamgöngum myndi maður nota það.

- Sviðsmynd C
 - Ltill munur á B og C en C gengur enn lengra. Öfgafyllri breyting í C. Erfið. Er nægjanlega mikið landssvæði t.d.? Þyrfti að byggja hærri hús? Almennt ekki mikill munur á milli.
 - C er svolítið útópísk. Lítur vel út en of róttækt? Ekki framkvæmanlegt? B væri bil beggja og hægt að ná sátt um. Pólitík skiptir hér miklu máli. Þetta landslag gæti breyst hratt í tengslum við skipulagsmál og pólitík. Væri góður kostur en ekki raunveruleiki.
 - „Ófýsilegt. Öfgakennt.“ Hlynntur veru flugvallarins – þetta myndi hafa áhrif á hann
 - „Útópískt. Flott tillaga en hefði þurft að ákveða fyrir 30 árum.“ Meira ósætti líklega tengt þessu – erfiðara að ná takmörkunum. Er nægjanlega mikið land? Gengur líklega ekki alveg.
 - Það má ekki minnka græn svæði innan borgarmarkanna. Hrædd við ágengni við að gera það sbr. Elliðaárdalinn. Skipulagsvandamál vegna fjölda bæjarstjórna. Myndi vilja sjá allt höfuðborgarsvæðið undir einni stjórn. Varðandi útsvar, sum bæjarfélög með lágt útsvar og vel borgandi íbúa – ósamræmi.
- Samgöngur
 - Út frá sviðsmynd B – raunhæfur möguleiki að framkvæma. Þar er stórt tækifæri til að laga samgöngur – þetta samgönguleiðir, kjarnana, betri stofnbrautir, fjölga tækifærum fyrir fólk í almenningssamgöngum og draga úr notkun einkabíla
 - Þarf að halda vel á spöðunum til að skila árangri. Mikið tækifæri. Ókostur – mörg skipulagsbatterý sem þurfa að samþykkja. A - stefna sem er ekki hægt að halda áfram með.
 - Horft til rafmagnsfarartækja samgöngulega séð. Styttist í þau. Leysir mengunarmál ofl. Góður kostur fyrir fólk sem ferðast meira eitt.
 - Utanaðkomandi þróun mun leiða okkur nær almenningssamgöngum. Bæði skipulag og verðlag og framboð á eldsneyti. Markmiðið á að vera að auka almenningssamgöngur
 - Hjólasamgöngur – bæta þær.
 - Sniðug svæði sem Reykjavíkurborg er að byggja upp. Fyrirtækjahúsnæði á neðstu hæð og íbúðarhúsnæði á efri hæðum. Færa þjónustuna nær þar sem fólk býr – ýtir undir göngu og hjóltreiddar.
- Byggðarmynstur
 - Með bættum samgöngum kemur íbúðarmynstrið til með að þéttast. Meira sambýli – minni einkalóðir. Mestur árangur af því að þetta byggðina.
 - C gengur lengst í að mynda þessa blöndun á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði og þjónustu. Getum sinnt okkar erindum innan okkar hverfis.
 - Gott ef flestir innan höfuðborgarsvæðisins gætu stefnt að þessu, flest bæjarfélög
 - Hlynnt reiðhjólamenningu og göngum. Einstaklingsferðamáta. Minna fyrir hópsamgöngur.
 - Sviðsmynd B heppilegasta blandan. Hægt að vera með bæði úthverfi og skemmtilegt borgarumhverfi. Vantar lagfæringu á borgarbyggðinni. Fullt af gömlum hverfum sem má byggja upp á nýtt og laga samgöngur og búa til líflega byggðarkjarna.
 - Nú eru ákveðin svæði í borginni með mörgum húsum í niðurníðslu sem þyrfti að rífa og byggja upp á nýtt. Ekki endilega alltaf lengra út í náttúruna – horfa inn á við, laga það sem við höfum fyrir. Höfum ekkert rosalega mikið pláss, erum komin að

endimörkum í byggingarmörkum höfuðborgarsvæðisins. Hætta viðkvæmninni með allt „gamla góða“

- Ef fólksfjölgunin stenst þarf skemmtilegra og blómlegra líf utan miðborgarinnar. Líka kaffihús og líf í t.d. í Breiðholti. Oft verið reynt að opna kaffihús t.d. í Breiðholti – gengur ekki sem skyldi. Ekki endilega skemmtistaði, líka bara veitingastaði, kaffihús o.s.frv. Fólk fast í hugmyndafræðinni að veitingahús og barir eigi að vera í miðbænum. Breytist vonandi með þéttari byggð. Er verið að reyna þetta í nýju hverfum Reykjavíkur.
- Náttúra og útivist
 - Sviðsmynd C gengur minnst á græna svæðið. En mætti líka stjórna því með sviðsmynd B. A gengur klárlega inn á einhver svæðanna.
 - B best fallin. C stefnir grænu svæðunum innan borgarmarkanna í ákveðna hættu. Frekar B hagstæðust.
 - Ef B yrði valin á hvaða svæði þyrfti að ganga – spurning til skipulagshópsins. Slæmt ef það færi að byggja í Laugardalnum, grasagarðinum.
 - Nýta gömul hverfi. T.d. stóru verslunargöturnar í Múlahverfinu mætti t.d. koma með íbúðarbyggð þar – frábær staður, nálægt miðborginni, nýta Laugardalinn, byggja í kring um grænu svæðin sem við eigum fyrir. Annað hvort gera grænu svæðin notvæn eða byggja þar.
 - Frekar byggja en að hafa auð svæði sem eru ónýtt.
- Annað
 - Passa að velja mynd sem mun nýtast sem lengst svo við þurfum ekki að þæla í sömu hlutunum eftir 20 ár ca.
 - Virðumst sammála um sviðsmynd B. Gefur ákveðið svigrúm. Talað um 15% útvíkkun á svæðum sem eru byggð þegar.
 - Þarf að tengja betur úthverfin – samgöngulega
 - Strax og almenningssamgöngur lagast má minnka notkun einkabílsins – plús fjármálaleg áhrif.
 - Bættar samgöngur – hærra fasteignaverð. Vænlegri kostur að búa í úthverfi – óháðari einkabílnum.
 - Annað sjónarmið - Helst tilhátt verð í miðbænum því eftirspurnin er svo mikil – ef flugvöllurinn fer – þá eru etv. fleiri íbúðir í boði, aukið framboð og þ.a.l. lækkað íbúðarverð.
- Samantekt
 - Sviðsmynd B væri besti kosturinn.
 - Býður upp á flesta möguleika – heldur flestum möguleikum opnum.
 - Framkvæmanlegust.
 - Mætti ná fram sem mestri sátt hjá sem flestum um leið B. Þjóðarsátt.
 - Mikilvægt að þæla í umhverfisáhrifunum. Eldsneyti. Bílanotkun. Mikilvægt fyrir framtíðina.
 - Sviðsmynd A eykur vegalengdir og gæti haft aukin vandamál í för með sér.
 - Hugsa um innri grænu svæðin - Elliðarárdalurinn, Laugardalurinn, „flugvöllurinn“, Öskjuhlíðin. (Ytri grænu svæðin – Heiðmörk)
 - Til að ná henni fram þyrfti að gera kröfu um aukna samvinnu sveitarfélaga. Öflugt samstarf. Pólitík getur haft mikil áhrif, rigur milli stjórnmálaflokka, sandkassaleikur.

Borð 5

- Sviðsmynd A
 - Verður áfram rými og í boði einbýlishús ef fólk vill búa stórt
 - Sviðsmynd A: gott að halda grænu svæðum og útivistarsvæðum
 - Skiptar skoðanir; einn hrifinn og vill blanda A og B saman en tvær ekki, fannst þetta áður fyrr góð hugmynd
 - Líst illa á vegna þess að svæðið fyllist fljótt, núna er þetta skipulag höfuðborgarsvæðisins en af hverju er ekki inni í þessu eins og Keflavík og fyrir austan fjall, sem sagt skipulag Íslands, þessu voru allir sammála að varpa fram af hverju ekki er meiri samvinna á öllum svæðum
 - Leið A á þá að tengja saman t.d. Akranes og höfuðborgarsvæðið – ein mundi skoða leið A með opnari huga ef hún vissi meira
- Sviðsmynd B
 - Flestir virðar aðhyllast mest sviðsmynd B
 - Líst best á B því það er ekki verið að neyða fólk, þ.e. fólk sem býr í húsunum sem eru nú þegar
 - Misjafnar kröfur sem fólk gerir, það þarf að vera þessi blanda, heldur að þessi leið sé skást, það þarf að vera svigrúm til að færa þau út fyrir og hægt að nýta mörg svæði betur.
 - Eru 6-7 bæjarfélög en vantar samgöngur á milli svæðanna eins og Vatnsendahverfi og Breiðholts.
 - Korputorg byggt og stoppar enginn strætó þarna, hugsa um hvað verður meira í kring en ekki þetta eina hverfi, heildarskipulagið.
- Sviðsmynd C
 - Einni finnst persónulega það vera draumaborg, að hafa svona valkosti eins og þægilegan strætó, lest og græna borg að minnka mengun en það er mjög róttækt miðað við hvernig við erum, hugarfarsbreyting
 - Umferðarteppa og meiri mengun? Getum ekki hjólað nema lítinn hluta af árinu.
 - Að þetta byggð kallar á aðrar samgöngur en einkabílinn, einn sér fram á hraðvagna frekar en lest því búið er að byggja að hluta til kerfi sem hægt er að nota, með lestum þarf að gera mikið, huga að því í framtíðarskipulagi að það sé pláss fyrir svona framkvæmdir
 - Vitum ekki hvernig veðrið verður hérna eftir 10 ár, getum við farið að nota svona kerfi, erum við að treysta of mikið á þetta?
 - Þétting í borginni óaðlaðandi, einni líður illa þegar búið er að skemma þennan litla gamla bæjarsjarma
 - Vilja þéttingu án þess að hafa þessi háhýsi, í lagi 3-4 hæða einingar með inngang
 - Ekki þetta 101 svæðið meira en það er. Greiða úr umferð frekar en að hægja á umferð. Sjá tvöföld gatnamót á Miklubraut og það ætti að vera búið að gera það
- Samgöngur
 - Sviðsmynd A hlýtur að auka ferðatíma í bíl, er hægt að sækja þjónustuna eða vinnuna eða þarftu alltaf að vera að þvælast niðri í miðbæ? Kemst aldrei hjá því, fólk sem býr langt frá og vinnur í miðbæ, hægt að skipuleggja hlutina þannig að það dreifist meira, margir litlir dreifðir kjarnar
 - Sviðsmynd C: Á litlu svæði verður eins og stórborg í Evrópu, voðalega þröngt og litil umferð, skelfileg mynd, heldur að C gæti virkað ef hugsunarháttur fólks mundi

- breytast mikið eins og að minnka notkun á einkabílnum og byggja samgöngurnar mikið upp, breyta hugarfari gagnvart hjólræðum.
- „Of mikið af hjólastígum“ Krafan er ekki til staðar í fyrsta lagi og umhverfi og veðurfar er ekki þannig að allir fari út að hjóla.
 - Tala um að þeim finnist lestarhugmyndin vera of dýr og óttast líka hvaða áhrif það mundi hafa. Finnst góð hugmynd að bæta hraðvögnum við strætókerfið sem við erum með í dag.
 - Byggðarmynstur
 - B best svo það verði blandað, misjafnar kröfur og verða að vera kostir fyrir alla, stéttaskipting og fjármál hjá fólki, mismunandi hvað fólk getur leyft sér
 - A kæmi út þannig að lóðir væru óþarflega stórar og fólk ætti bara að kaupa sér sumarbústaði á stórar lóðir, B væri fjölbreyttast en það vantar nýjar íbúðir sem eru með litlum gördum eða parhús á viðráðanlegu verði því það langar ekkert alla að búa í blokk. Allir sammála um að það vanti meira af þessu
 - B líklegast til að stuðla að skjólgóðri og fallegri byggð, ein telur að græn svæði geti annars horfið eins og með skipulagi C.
 - Einn atvinnuvegur getur passað inn í íbúðarhverfi en annar ekki. T.d. litlar verslanir og þjónusta passar þar inn en ekki iðnaður, þarf að skoða hvaða atvinnuveg er verið að skoða og hvar fólkíð í þeim atvinnuveg vinnur. Sorpvinnslustöð t.d. komin of nálægt höfuðborgarsvæðinu fjarri byggð
 - Náttúra og útivist
 - Byggðin hlýtur að vera komin of nálægt, kostur við A að vera komin nær náttúrunni eins og í Mosfellsbæ, það er kostur að vera í úthverfi
 - Annað
 - Sviðsmynd A - þróunin verði að kostnaður við samgöngur verði mun hærri fyrir hvert heimili, ef það er þéttari byggð er fólk kannski bara með einn bíl, þróunin þannig að fyrirtæki eru að fara úr miðbænum
 - Sviðsmynd B eða C varðandi verslunarrekstur: Breytir miklu, fer eftir hugsunarhætti hjá fólki og hvað er í boði, mismikil fjárráð
 - Mest tækifæri í sviðsmynd B, geti gefið meiri kjarna og gert íbúðarhverfi samheldin, hægt að byggja upp leikskóla, skóla og þjónustukjarna. Íbúahverfi með allri þessari þjónustu og helst einhverri atvinnustarfsemi og elliheimilum, þetta í kringum miðbæinn og styrkja.
 - Öll þessi hverfi höfuðborgarsvæðisins sem verið er að fjalla um núna eiga að fara undir sama hatt því það vantar samræmi á milli, allir að gera sína hluti í sínu horni og þetta eru allir sammála um á borðinu.
 - Samantekt
 - Hvað ræður Orkuveitan við stóra byggð? Ráða þau við 300 þúsund manna byggð hérna? Ræður hún við 70.000 manna aukningu til 2040 og áfram inn í framtíðina?
 - Af hverju bara svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu, af hverju tókum við ekki Suðvesturland með?
 - Kynning á niðurstöðum allra hópa/umræðuborða
 - Mjög miklar B manneskjur því að það hefur mesta fjölbreytni og tækifæri. Væri ekki verið að loka á neitt. Fjölbreytni í búsetumálum og gefur kannski mesta kjarna og tækifæri á að mynda hann í hverfum

- Meiri tækifæri fyrir útivistarsvæði heldur en í sviðsmynd C. Vilja fjölbreytni og mismunandi valkosti, móti því að gera of mikla stórborg úr litlu Reykjavík, ekki dreifa byggð of mikið, setja vernduð svæði ekki í hættu.
- Með B sé ekki verið að einblína á þéttinguna þannig að það verði ekki of háar og stórar/miklar byggingar heldur á líka að stækka út.
- Meiri tíma fyrir skipulagsmál og vernduð græn svæði. Efla atvinnu og þjónustu. Auka fjölbreytni í samgöngum, það gefur meiri möguleika á almenningssamgöngum. Flott með lestina en það er of dýrt, hægt að bæta strætóumferðina sem við höfum nú þegar með þessum hraðvögnum.
- Fyrst aðhyllist einn á borðinu sviðsmynd B en hinir á borðinu náðu að breyta hugarfari hans með þessum umræðum.

Borð 6

- Almennur samanburður sviðsmynda og um skipulagsmál almennt
 - Hefðu viljað A mínus og mesta áherslu á B. Þ.e. einhvern smá hluta af A inni í B sviðsmyndina.
 - Of lítill munur á að vera að setja 15% út (samkvæmt B sviðsmynd, allir sammála um það).
 - Allir - Sviðsmyndir C og B of líkar hugmyndir
 - Alltaf verið að horfa á þéttingu þar sem er íbúðarbyggð, frekar að velta fyrir sér iðnaðarsvæði þar sem þau taka of mikið pláss. Meira spennandi að koma t.d. Sundahöfn í jaðarinn
 - Álverið mistökin? Hvað viljum við byggja út á við miðað við forsendur?
 - Framtíðarútvíkkun við Mosfellsbæ, Úlfarsfell og Geldinganes. (Allir sammála því)
 - Kjarnesvið? Hægt að setja út á slæma veðrið. Burt með iðnaðarsvæði og gera að íbúðarsvæði.
 - Sum græn svæði alveg hræðileg en önnur má bæta og gera almennileg. Sum græn svæði órækt sem hægt væri að nýta. (Allir sammála)
 - Skritið að sum græn svæði megi ekki nýta í neina afþreyingu eins og Hljómskálagarð.
 - Ótrúlega mikið af fólki í Laugardal en ekki eins mikið á Miklatúni. Umgjörðin í Laugardal gerir svæðið nothæft. Galli við Hljómskálann er að ekkert dregur fólkið að, það þarf einhverja umgjörð eins og íþróttahúsnæði og annað.
 - Er fólk almennt til í að hækka byggð?
 - 5-6 hæða hús með miklum nýtingafleti. Einn getur séð fyrir sér tiltekið svæði þar sem mikil og há byggð væri og pröngar götur jafnvel. En ekki heilt yfir. (allir sammála um það)
 - Hvergi borgarmynd í hverfum, yfirleitt langt á milli blokka þ.e. ein blokk hér og þar.
 - Fólk leitast aðallega eftir sérhæðum en vill samt hafa ákveðna nálægð.
 - Sem dæmi um ólógik í þéttingu er t.d. Barnaspítalinn, troðið inn á svæðið.
 - Erlendis eru hverfi byggð í sama stíl þ.e. húsin í sama stíl. Það vantar hér á landi og að byggja eftir götumyndum.
 - Vantar samhengi á milli húsa. Það er mest áberandi í miðbænum.
- Sviðsmynd A
 - Fáránlegt að byggja allt fyrir utan. Það ætti ekki að reyna fyrir utan fyrr en búið er að reyna að þétta fyrir innan. Fyrst að byrja að þétta. (Allir sammála)

- Byggingarstíll viðhaldið í hverfum og samræmi milli húsa. Algjörlega úrelt að hafa iðnaðarsvæði inni í borg. Sér ekki tilgang í að hafa svona mikið iðnaðarsvæði inni í borg.
- „Eitt er iðnaðarsvæði og svo er annað atvinnusvæði.“ Skrifstofuhúsnæði enn þá bara miðbærinn. Iðnaðarsvæði plássfrekt svæði, þar sem ekki margir eru að vinna endilega en tekur mikið pláss.
- Skammsýnt að horfa til 2040. Atvinnusvæði eru öll á sama stað.
- Þvinguð ákvörðun að þetta byggð. Borgarsamfélag = verður að þetta fólki saman. Velta fyrir sér Akranessvæði, Reykjanesi og Selfossvæði sem hluta af svæði sem hægt væri að byggja á? Borgarnesi og Akranesi og Selfossvæði? Taka það með í myndina.
- Tekur tíma að vinna upp menningu í hverju hverfi.
- Á svæði þar sem maður býr vill fólk hafa þessar daglegu þarfir. Hafa skóla, dagvöruverslun og annað í einhvers konar miðbæ í hverju hverfi og byggja í kringum það.
- „Fullkomin hugmynd er að byggðin sé mest efst og fari svo minnkandi þegar nær dregur miðju og í miðjunni skóli, verslun og annað.“
- Vantar punkt sem allir stefna inn á í Kópavogi
- A mynd ekki í lagi og ekki C myndin, heldur þarna á milli. Ekki alveg allir sáttir við B myndina eins og hún er sett fram en samt eitthvað í þeim dúr, eilítið breytt B mynd(B+).
- Sviðsmynd B
 - Ekki tekin fyrir ein og sér. Aðeins var farið inn á sviðsmynd A sem varð að umræðu um allar sviðsmyndir en allir sammála um að B myndin væri ákjósanlegust af þeim sem í boði voru.
- Sviðsmynd C
 - Ekki tekin fyrir ein og sér. Aðeins var farið inná sviðsmynd A sem varð að umræðu um allar sviðsmyndir en allir voru þó sammála um það að þeim fyndist C myndin ekki í lagi.
- Samgöngur
 - Hvernig skal koma vögnum fyrir?
 - Hægt víða, þyrfti að fórna jafnvel akstursbraut sem er í lagi. Þetta gígantíska magn af bílum hérlandis er óraunverulegt.
 - Hægt að stjórna þessu með því að fara fyrr af stað.
 - Breyta tíma í skóla, t.d. 9 frekar en 8, hjá börnum og reyna að dreifa tíma á vinnustaði.
 - Klaufaskapur að dreifa háskólanum.
 - Breyta hinu og þessu og gera það skipulagðara. Samgöngur heilt yfir býsna góðar þrátt fyrir allt.
 - Koma undirgöngum fyrir á stórum götum eins og t.d. hjá Háskólanum, fullt af litlum lausnum sem geta lagað samgöngur.
 - Teinar ekki hentugir. Safnstrætó sem færir fólk á milli staða á sérstakri hraðbraut. Vagn sem gengur um hverfi?
 - Stofnæðar hverfanna slæmar. Þarf að færa miðpunkt samgangna. Færa umferðarmiðstöð t.d. frekar í Mjódd. Lest frá Kjalarnesi í Mjódd og safnvagnar þjónusta svo hverfi.

- Þjónusta strætókúnnna betur, hafa skýli bærilegri í kuldanum. Strætókerfið tímafrekt nú í dag. Fá fleiri flýtleiðir í strætókerfið, flýtleiðabraut. (allir sammála)
 - Skynsamara að eyða peningum í núverandi strætókerfi en annað nýtt kerfi. Hafa frítt í strætó einnig? (allir sammála)
- Bygðarmynstur
 - Ekki tekið fyrir eitt og sér.
- Náttúra og útivist
 - Ekki tekið fyrir eitt og sér.
- Annað
 - Ekki tekið fyrir eitt og sér.
- Samantekt
 - Við getum stjórnað því hvort við viljum búa í fjölbýli eða einbýli hvað varðar það að þetta byggð. Flestir voru sammála því.
 - Það voru flestir að mörgu leyti inni á B leiðinni. Þétting 60% og útvíkkun 40%.
 - Fannst samgöngumál í þokkalegu ástandi innan Reykjavíkur. Hraðkerfi fannst þeim flestum sniðug lausn í strætósamgöngunum og gátu verið nokkuð sammála um að bæta okkar núverandi strætókerfi í stað þess að eyða pening í annað.
 - Þeim fannst nauðsynlegt að ekki yrði gengið inn á útivistarsvæði með byggingu húsa. Hópurinn lagði áherslu á það að íþróttastarfsemin og annað slíkt væri hjarta borgarinnar og skipti höfuðmáli.

Borð 7

- Sviðsmynd A
 - Kostir við að búa í úthverfi byggðar- meira rými, sérstaklega fyrir börn, þau eru frjálssari í úthverfum heldur en í miðbænum. Galli: kostnaðarsamt
 - Mun draga úr þjónustunni þegar maður flytur í úthverfi. Þjónusta á erfitt með að tolla í úthverfum.
 - Bygðin er einsleit í Grafarvogi. Þjónusta þrífst stutt þar.
 - Þægilegra að búa í Garðabæ, stutt í góða þjónustu þar sem Kópavogurinn er með stóra þjónustukjarna rétt hjá, t.d. Smáralindin.
 - Ef það er engin atvinnustarfsemi í Grafarvogi þá flytur fólk í annað hverfi.
 - Margir slæmir kostir við að búa í úthverfum.
 - Að teygja byggðina út er að þeirra mati kostnaðarsamt og borgar sig ekki eins og sviðsmynd A gefur í skyn.
 - Þegar byggðin er teygð út er verið að ryðja ýmiss konar starfsemi úr vegi.
 - Kostir við að fara leið A: kostur við að búa í úthverfi byggðar er að vera nálægt náttúrunni.
 - Möguleiki er að gera úthverfi þéttbýlt en þá er mikilvægt að mynda fjölbreytileika t.d. með þjónustu.
 - Hægt að nýta svæði milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur í byggðarsvæði.
 - Niðurstaða: Ekki vænlegur kostur að fara leið A.
 - Rauði þráðurinn í sviðsmynd A eru samgöngurnar samkvæmt einum. Hinir eru ekki sammála í hópnum.
- Sviðsmynd B
 - Hérna fara 35 milljarðar í stóru brautirnar, það er farið í stóra innviði en ekki alla.
 - Almenningsamgöngur munu koma sem mótvægi við stækkun byggðar.

- Mikið atriði er að taka 85% af núverandi byggðarkerfinu samkvæmt sviðsmynd C en þá þarf að standa vörð um græna svæðið. Grænu svæðin þurfa að haldast, segir einn í hópnum.
- Það sem er mest praktískt við að búa í miðborg Reykjavíkur er þjónustan.
- Erum núna fyrst að fá nasasjón af kostum þéttbyggðar.
- Íbúasamtökin í Grafarvogi eru að kvarta undan skorti á þjónustu. Mörg fyrirtæki búin að koma og fara og því helst þjónustan vart í úthverfunum.
- Ein býr í Ögurhvarfi, talar um að það séu 5-6 búðir mjög nálægt, en hún telur að þessar búðir muni lifa stutt þar sem þær eru ekki nýttar eins og þær ættu að vera. T.d. er Krónan á tveimur stöðum sem er nálægt þar sem hún býr.
- Það vantar meira skipulag í úthverfin, of margir þjónustukjarnar nálægt hver öðrum.
- Sviðsmynd C
 - Einn telur að A og C sviðsmyndirnar séu verstar. Einhverju svæði muni vera fórnað fyrir skammtímahagsmuni.
 - Hugmynd kom fram um að byggja í Laugardal, auða svæðið undir Suðurlandsbrautinni.
 - Hópurinn talar um að það sé aukinn þrýstingur á að byggja á grænum svæðum.
 - Ef byggðin er gerð þéttari er meiri þörf á grænum svæðum, telja að það sé mjög mikilvægt að hafa græn svæði.
 - Talað um háhýsi á höfuðborgarsvæðinu - Íslendingar eru almennt ekki hrifnir af háhýsum í Reykjavík.
 - Í bryggjuhverfinu í Hafnarfirði er búið að byggja mörg háhýsi, þau telja að það sé algjört stórslys.
- Samgöngur
 - Vandamálið er ekki samgöngur í sviðsmynd A, það munu vera strætóar sem fara í úthverfin.
 - Eitt varðandi samgöngurnar, einn telur að það sé of hátt hlutfall í B af farmiðasölu.
 - Ef í boði verða tíðari ferðir í strætó telja allir í hópnum að þau gætu hugsað sér að taka strætó.
 - Fjölskylda þarf helst tvo bíla í dag, þar sem hún er yfirleitt að fara á sitthvorn staðinn. Of mikil umferð á morgnana til að fara sveig á leiðinni í vinnuna.
 - Telja að það sé vænlegt að einn aðili í fjölskyldunni taki strætó eða hjóli í vinnuna þar sem það sé mun sparsamara.
 - Telja að hægt sé að fá fleira fólk til að taka strætó, það þarf bara að komast á róttæk hugarfarsbreyting í samfélaginu varðandi það.
 - Bensínkostnaðurinn í dag er orðinn svakalegur svo það þarf að efla samgöngurnar og þjónustuna.
 - Telja samgöngurnar mikilvægastar í þessu öllu, telja sviðsmynd A vera sísta í þeim málum.
 - Sviðsmynd B er best, skiptir máli að það sé fjölbreytileiki á höfuðborgarsvæðinu.
 - Mikilvægt að skipuleggja hvar fyrirtækin eiga að vera, það gæti leyst vandamálin með samgöngurnar að hafa fyrirtækin í einum kjarna. Fyrirtækin eru of dreifð um höfuðborgarsvæðið, stór kjarni rétt hjá Grafarvogi og svo er annar fyrirtækjakjarni í Borgartúninu.
 - Mjóddin nefnd sem dæmi, stór strætóstöð en ekki margir sem eru að koma þangað til vinnu.

- Byggðarmynstur
 - Fólk vill fara í sérbýli þegar það er með fjölskyldu en þegar fólk eldist vill það fara í blokk þar sem það þarf ekki lengur að hugsa um garðinn heima hjá sér. Sviðsmynd B myndi henta í því samhengi.
 - Ekki stór hluti sem myndi fara út fyrir í sviðsmynd B, aðeins 15%. Í B er verið að tala um 35 milljarða í vegaframkvæmdir en í C eru það 16 milljarðar.
 - Munurinn í B og C liggur meira í strúktúrnum í samgöngum.
 - Í C er meiri þörf fyrir að taka græn svæði til að byggja á en í leið B. Sviðsmynd B er því vænni. Allir sammála í hópnum um að leið B sé vænlegust.
 - Í dag vantar litlar, ódýrar blokkaríbúðir. Mikill galli að það séu komnar stórar blokkaríbúðir sem eru um 100 fermetrar.
 - Menn verða að passa sig að skipuleggja ekki atvinnuna í burtu, lykilpunktur. Hefur gerst í gegnum tíðina, sérstaklega í iðnaðarhverfinu.
 - Í Borgartúninu er margt fólk og mikil þjónusta, samgöngurnar eru galli, meiri skynsemi í því að byggja upp ýmsa kjarna, hafa fjármála- kjarna einu megin og öðruvísi kjarna annars staðar.
 - Vandamálið í dag er að úthverfin eru of einsleit. Þarf að stuðla að meiri uppbyggingu á mismunandi atvinnukjörnum.
- Náttúra og útivist
 - Að fara leið A mun minnka þau náttúrugæði sem eru til staðar í borginni. 101 og 105 svæðið.
 - Einn talar um að langflottasta útivistarsvæðið sé Viðey. Þarf að vinna meira með það.
 - Ef leið B er farin er verið að opna byggðina, sem ætti að létta á þrýstingi á græna svæðið á höfuðborgarsvæðinu.
 - Hljóðmengun sem kemur frá Sundahöfninni er vandamál, þarf að passa upp á hvernig starfsemi er í gangi, það ætti að vera skilgreint meira sem iðnaðarsvæði. Leiðindapáttur að það séu gámaflutningar svona nálægt þéttbyggðinni.
- Annað
 - Í leið C, hvað eru margir hektarar af grænum svæðum innan byggðar sem er verið að tala um? Telja að það séu ekki nógu vel skilgreint.
 - Í dag er töluvert af grænum svæðum, mikilvægt að varðveita þau. Einn talar um byggð Moskunnar, nú eigi að byggja Mosku á grænu svæði. Þarf að velja betur svæði sem á að byggja á.
 - Flestir töldu að leið A væri mest fráhrindandi.
 - Allir eru sammála í hópnum um að fara leið B.
 - Hvernig er stuðlað að því að höfuðborgarsvæðið sé aðlaðandi? Allir eru sammála um að fara leið B. Þá er verið að samþætta þetta, halda áfram að vera með blandaða byggð, minnka þrýstinginn á að byggja á grænu svæðunum. Þau telja almennt að fólk geti valið meira um búsetuform, ekki eins mikil eftirspurn eftir öðru hvoru.
 - Einn telur að það þurfi að vera meiri samvinna á milli sveitarfélaganna.
 - Annar talar um að þörf sé á að sameina skipulagsmál milli sveitarfélaga. Allir hinir í hópnum eru sammála um það.
 - En ef skipulagsmálin yrðu sameinuð, yrði þá ekki keppni og græðgi um meira útsvar í sveitarfélögum? Þæling sem kom fram.
 - Ein vill meiri sameiningu á sveitarfélögum. Telur að það sé mikil hagræðing í því. Gæti samt sem áður verið úthverfapólitík í gangi þrátt fyrir að sameina sveitarfélög.

- Skipulagsmál, kostnaður og sameiningarmál, hver væri stærðargráðan af sparnaði ef öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu myndu sameinast? Það gerist ekkert fyrir en allir möguleikar eru skoðaðir.
- Samantekt
 - Allir í hópnum voru sammála um að fara leið B, þau leggja áherslu á að þetta meira miðkjarnann þrátt fyrir að allir í hópnum séu úthverfafólk.
 - Allt þetta líf og sú gróska sem hefur átt sér stað í miðbænum er aðeins nasasjón af því hvernig það væri ef það væri meiri þéttleiki á því svæði. Meiri fjölbreytileiki og styrkir innviðina í atvinnulífinu.
 - Gríðarlega mikilvægt að standa vörð um grænu svæðin okkar, að það komi ekki eitt kosningarár að það sé gengið á grænu svæðin, mikið lagt upp úr því.
 - Varðandi samgöngur, hópurnir telur að meiri þörf sé á hjóla- og göngustígum. Mikil upplifun meðal almennings eftir 2007-2008 að það hafi orðið hugarfarsbreyting á vinnustöðum, t.d. hafa vinnustaðir boðið upp á strætó- og hjólastyrki, svo að fólk noti í meira mæli þær samgönguleiðir. Slíkum róttækum hugarfarsbreytingum er ekki erfitt að fylgja og nefna þau dæmi um reykingabannið sem komið var á, um leið og fólk setti sig í þann gír hafði það mikil og góð áhrif og fólk vandist því fljótt.
 - Aðrar hugmyndir í hópnum: Að leggja stíg og hjólagöng að Viðey, nýta meira þetta stóra græna svæði.

Borð 9

- Sviðsmynd A
 - Hlutfall ferðamáta er óbreytt. Þyrfti breytingar á þeim.
 - Enginn samfélagslegur ávinningur af þessari sviðsmynd. Lengra í allt. Stendur í stað þjónusta.
 - Enginn sérstakur jákvæður punktur. Að minnsta kosti kemur hópurnir ekki auga á hann.
 - Sviðsmynd A hefur líklega flestu gallana að mati hópsins. Það er sviðsmynd sem enginn getur verið fullkomlega ánægður með. Skynsamlegt að líta aðallega inn á við en einnig út á við. Töluvert rætt um hvaða áhrif fyrirlesari hafði á skoðanir meðlima hópsins. Talað var um að fyrirlesari hafi verið með ákveðnar áherslur sem höfðu áhrif á skoðanamyndun. Leiðandi fyrirlestur. Rætt um upplýsingar og skort á upplýsingum oft og tíðum. Rætt um rekstrargrundvöll léttlesta og mismunandi samgöngumáta. Lýst ákveðnum áhyggjum af því. Einnig þurfi að vera til staðar þjónusta fyrir flóru samfélagshópa.
- Sviðsmynd B
 - Álit hópsins er að hugmynd B sé skynsamlegust af sviðsmyndunum þremur. Gert er ráð fyrir blönduðum samgöngumátum. Einkabíllinn fær að njóta sín sem og aðrar samgönguleiðir.
 - Töluverður þjóðhagslegur ávinningur. Stofnanakerfið er hér tekið í gegn – farið er í nýjar fjárfestingar. Álit hópsins er að þessi sviðsmynd hafi til að bera gott jafnvægi.
 - Töluvert rætt um léttlestarkerfið í samhengi við fyrirhugaða spítalaupbyggingu. Töluvert rætt um iðnaðarhverfi og þann mikla fjölda fólks sem býr í úthverfum og hvernig skipulag borgarinnar hefur verið að taka miklum breytingum á síðustu árum. Mikið rætt um endurskipulagningu hverfa við höfn, t.d. Sundahöfn og möguleika í

þeim efnum. Hægt væri að færa þessi iðnaðarsvæði frá Sundahöfninni og komið upp íbúðahverfum eða öðru þar.

- Sviðsmynd C
 - Svo virðist sem að samstaða sé ríkjandi innan hópsins um það að sviðsmynd C sé sú óskynsamlegasta af sviðsmyndunum þremur. Flestir litu jákvæðum augum á B.
- Samgöngur
 - Gert er ráð fyrir mismunandi samgöngumátum í B og C en ekki eins vel í A. Þjónusta fyrir mismunandi samfélagshópa rædd. Akstursþjónustu fyrir aldraða. Samkvæmt B og C eru meiri möguleikar á að veita hvers konar þjónustu. Þétting byggðar í B og C. Þeirri skoðun lýst að til þess að breyta samgöngumynstri í borg eins og Reykjavík þurfi meira en skipulag til – hugarfarsbreyting þarf einnig að eiga sér stað.
 - Umræða um léttlestakerfi í samhengi við veðurfar. Því velt upp hvort sé betur til þess fallið að hafa strætó eða léttlestakerfið. Velt upp ýmsum spurningum um léttlestakerfið.
 - Flugvöllur í Vatnsmýri ræddur og stefnumótun um hvar hann ætti að vera í framtíðinni. Kjalarnes nefnt í því samhengi.
- Byggðarmynstur
 - Parna koma sveitarfélögin sterkt inn, að mati einstaklings í hópnum. Einstaklingar hafa töluvert val um það byggðarmynstur sem þeir vilja vera hluti af. Sveitarfélögin hafa mismunandi byggðakosti.
 - Þeirri skoðun er lýst að sviðsmynd A bjóði upp á mesta valið fyrir fólk. Sveitarfélögin gegna þar stærra hlutverki. Eignir frá 50-500 fermetra, af öllum stærðum og gerðum.
 - Sviðsmynd C, byggt inn á við, gerir ekki ráð fyrir eins miklu vali og A – mestmegnis virðist gert ráð fyrir minni íbúðum. Meðlimir hópsins virðast vera nokkuð sammála um mikilvægi þess að fólk hafi val, þar spila sveitarfélögin töluverða rullu. Meðlimir hópsins virðast vera á því að mikilvægt sé að dreifa blandaðri byggð í hverfum.
- Náttúra og útivist
 - Rætt um sviðsmynd A, þá færi byggð nærri útisvistarsvæðum í útjaðri borgarinnar. Í sviðsmynd C þyrfti óhjákvæmilega að byggja á vatnsverndarsvæðum. Með sviðsmynd B virðist farið bil beggja.
 - Rætt um einn ókost við þéttingu byggðar. Tæpt á því að talað hafi verið um að það að “byggja upp”, hefði átt að minnka kostnað hlutfallslega. Það hafi ekki reynst raunin þegar uppi var staðið, í þessari umræðu er vísað í stórhýsi í Skúlagötu.
- Annað
- Samantekt
 - Samgöngur og þjónusta eru forsendur góðrar og blómlegrar byggðar.
 - Mikilvægt að þjónusta sé efld í sveitarfélögum. Mikið val um búsetukosti. Húsnæði við hæfi.
 - Efla nærþjónustu, byggðarkjarnar – eykur lífsgæði fólks að hafa þjónustu nálægt því þar sem það býr.
 - Þar sem eru góðar samöngur, þar vilja fyrirtæki vera – þar eru atvinna og lífsgæði fólks mikil.

Borð 10

- Sviðsmynd A
 - Áhyggjur af breyttu aldursmynstri, eldra fólk þurfi ekki jafn stórar íbúðir. Fyrir hvað er verið að byggja? Barnafjölskyldur, hækkandi aldur?
 - Sundahöfn nefnd sem notkun á svæði sem var skynsamleg á sínum tíma en ætti að vera íbúðarbyggð miðað við byggð í Reykjavík í dag.
 - Áhyggjur af sorpi, við séum aftarlega á merinni með endurvinnslu.
 - Kostur A dýr, áhyggjur af því hvað sé hægt að halda áfram með það lengi.
 - Flestir sammála um að A sé ekki vænlegur kostur og finnst ólíklegt að það sé mjög raunhæft að gera bara A eða bara C
- Sviðsmynd B
 - Umræðan um B rann töluvert saman við umræðuna um A. Fannst þetta raunhæfari kostur.
- Sviðsmynd C
 - Áhugaverður kostur en mjög vandasöm útfærsla. Spurning hvort það sé framkvæmanlegt, hvort það verði ekki óumflýjanlega vöxtur út á við. Það þurfi samt að vera til land til að vaxa í eftir 2040.
 - Verndunarsjónarmið í miðbænum gera erfitt að þetta byggð. Samt lóðir í miðbænum sem eru óbyggðar. Spurningar um hversu þétt byggð klassísk skandinavísk miðbæjarbyggð sé miðað við viðmið sem voru gefin.
 - Rætt að ungt fólk vilji búa í miðbænum, en svo vilji það fara í stærra húsnæði með meira næði síðar.
 - Þurfi að bera saman aðrar borgir sem hafi kraga utan um miðbæinn þar sem folk vill búa, en er ekki inni í aðalkjarnanum. Að það þurfi að hugsa um stærra svæði en bara alveg mið-miðbæinn.
 - Þælingar um hversu mikinn atvinnurekstur miðbærinn þoli, veitingahús og opinber rekstur eru helst nefnd.
 - Þurfum að hugsa þetta út frá þeim sem eru að fara að bætast við borgina. Hverjir eru þessir 70.000? Skv einblöðungnum eru þetta ekki barnafjölskyldur heldur eldra fólk. Við erum að byggja fyrir þau. Þurfum að skoða þá líka viðeigandi þjónustu í samhengi. Erum við að leggja áherslu á leikskóla og skóla eða aðra þjónustu fyrir eldra fólk?
- Samgöngur
 - Fólk nefnir að það langi að nota almenningssamgöngur meira en það henti þeim mjög illa í dag.
 - Spurning hvort þeir sem búi í úthverfum í dag muni græða á bættum almenningssamgöngum sem þau hafa áhyggjur af að muni aðallega einblína á kjarnann.
 - Rætt um gallana á sveitarstjórnnum, að það sé ópraktískt að skipta um stjórnendur á 4 ára fresti.
 - Fólk hefur áhyggjur af því hvort ferðatíminn sem nefndur var í kostunum taki með bæði almenningssamgöngur og einkabíl.
 - Hreyfing verði meiri ef þú notar almenningssamgöngur meira. Við erum feitust Norðurlandþjóða
 - Almenningsamgöngur sé glatað tækifæri en almenningssamgöngur VERÐA að virka, það gengur ekki að byrja akstur klukkan 7 þegar fólk á að vera mætt, eða hætta

að keyra áður en fólk í vaktavinnu klárar vaktir. Koma fram áhyggjur af því að fögur fyrirheit um bættar samgöngur verði svikin.

- Byggðarmynstur
 - Spurning hvort þétting myndi ekki krefjast þess að auka á grunnkerfið í hverju hverfi; betri sorphirðu og fleiri skóla
 - Þæling um að einsetning skólakerfisins sé ekki praktísk, dýrt húsnæði standi autt hálfan daginn. Umræða um að breyta mynstrinu þannig að ekki allir þyrftu að vera á ferðinni á sama tíma.
 - Almennt samþykki að A gangi ekki lengur og sé óæskilegt en efasemdir um að C geti gengið upp. Rætt að borgir hafi verið reistar fyrst fyrir árhundruðum á allt öðrum forsendum og þurfi að skoða lausnir í samræmi við nútímann. Það hljóti að þetta byggð, en spurning hversu mikið og hversu hratt.
 - Nýtt hverfi þýðir nýr skóli, nýr leikskóli, o.s.frv. Þó það verði ekki hlutfallsleg fjölgun á börnum þá verði absolute fjölgun, og líklega þurfi að gera ráð fyrir fleiri elliheimilum og síku.
- Náttúra og útivist
 - Áhyggjur af því að kostur A muni ganga á náttúru og útivistarsvæði, þó rætt að ef svæði sé skilgreint sem útivist þá sé farið í kringum það. Nefnt aftur að það sé óraunhæft að taka ekki inn nein ný svæði. En A gæti gert auðveldara að hlífa ákveðnum svæðum með því að dreifa yfir stærra svæði.
 - Áhyggjur af því að ef C verði fyrir valinu verði óhjákvæmilega að fórna svæðum sem eru í dag að mestu ósnert innan borgarmarkanna, Fossvogi, Laugardal og þeim svæðum.
 - Rætt að þegar stórt fyrirtæki flytur á alveg nýtt svæði þá fylgi fólk flutningnum.
 - Sviðsmynd B myndi mögulega breyta mjög litlu miðað við hvað er í dag, en myndi mögulega breyta einhverju um loftmengun. Fólki finnst B líkast því sem við erum að gera í dag.
 - Gatnaframkvæmdir í A muni leggja land undir sig sem B og C myndu hlífa. Bensín verði bara dýrara í A og að einblína á einkabílinn verði bara of dýrt.
- Annað
 - Tala um kostnað fyrir fjölskyldur í kosti A, það meiki meira sense að fara lengra frá miðjunni ef þú viljir stóra lóð, samnýta einkabíla eitthvað.
 - Rétt í kringum bæinn séu lóðir sem eru tiltölulega ódýrar miðað við þær sem við myndum e.t.v. vilja kaupa til að þetta innan núverandi marka.
 - Rætt að B sé klárlega málamiðlun. Að framsetning sé þannig að A sé einar öfgar og C sé erfitt og óraunhæft, en höfðar samt mest til margra, þau eru ekki viss um að það gangi upp en myndi lítast best á það ef það gengi.
 - Nefnt að í útlöndum getirðu farið miklu meira með almenningssamgöngum og í dag getur þú ekki farið neitt almennilega með strætó.
 - Aftur nefnt að C sé besti kostur, en það þurfi að gera það vel. Nefnt dæmi um þegar Sóltúninu var breytt í íbúðarbyggð og þá vankanta sem voru þar, ekki hugsað nóg um að bæta skólakerfið til jafns við fjölgun íbúa.
- Samantekt
 - Spurt góðlátlega hvort við viljum endilega gera höfuðborgarsvæðið fallett og aðlaðandi. Nefnt að landsstjórnin skipti máli og jafnvel alþjóðapólitík og hugsun fólks í

heiminum sé að breytast, við gætum þurft að hugsa um eitthvað allt annað fólksfjöldamynstur en það sem er lagt til grundvallar í kostunum þremur

- Fólk ræðir um að C sé mjög góð hugmynd af mörgum ástæðum en menn séu ekki endilega sannfærðir um að hún sé raunhæf eða að það sé endilega góð hugmynd að skipuleggja höfuðborgarsvæðið eins og borgríki án tillits til landsbyggðar eða heimsins. Einnig nefnt að öryggi sé minna og það hafi breyst hvernig hægt sé að ala upp börn og hvernig maður geti verið einn á ferð.
- Spurt hvort það sé raunhæft að taka skref fram á við í skipulagsmálum og samvinnu á því svæði, það sé erfitt að breyta því sem er til í dag. Þó einum líki ágætlega tiltölulega dreifð byggð þá séu verðmæti fólgin í því að þetta hana. Hvernig á að skipuleggja vegagerðamál og hvort vegagerðin geti haft allt eftir sínu höfði.
- Spurt hvort C gangi upp og hvort það myndi bitna á því sem við höfum í dag og hvort þjónustupættir myndu verða lakari; þjónusta við aldraða, börn, o.s.fr.v.
- Spurt hvort pólitísk samstaða sé milli sveitarfélaga, hvort hægt sé að treysta á að öll sveitarfélögin að taka þátt. Er samstarf milli sveitarfélaganna á þessu sviði raunhæf, er hagsmunastreita milli þeirra of mikil?
- Spurt hvort skipuleggjendur geri sér grein fyrir því hvað allir vilja og hvort tekið sé tillit bæði til þeirra sem líkar að búa í þéttri byggð eða dreifðari.
- Spurning hvort þyrfti að skoða þetta í víðara samhengi en höfuðborgarsvæðið.
- Er þétting raunhæf án þess að fórna lífsgæðum?
- Það er nauðsynlegt að bæta almenningssamgöngur og samgöngur almennt, þó án þess að leggja allt of mikið land undir vegi. Það er nauðsynlegt og jafnvel æskilegt að þetta byggð.
- Það verður að vanda til verka á öllum sviðum, bæði pólitískum og faglegum.
- A er óæskileg sviðsmynd, B er raunhæf, C er æskileg en mögulega óraunhæf
- Allir sammála um að það þurfi að þetta byggð og að það þurfi að bæta almenningssamgöngur, sterkt samþykki allra þar.